



Bjarni Benediktsson, dagblöð 1948-1949, 3. hluti

Bjarni Benediktsson – Dagblöð

Einungis fréttir og greinar tengdar Bjarna Benediktssyni eru skannaðar og sýndar hér en dagblöð má sjá á vef Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 6-9

Hermann Jónasson vill hlífa kommúnistum frá því, að um þá sje sagður sannleikurinn

HERMANN JÓNASSON segir í nafnlausri gleiðletraðri grein í Tímanum, að hann sje alveg viss um að ná kosningu á Ströndum í haust. Ef svo er hlýt ur að vera ljett þungu fargi af hinum sterka manni.

Enginn vildi hafa hann

Sögur hafa gengið um það, að hann hafi leitað fyrir sjer um framboð i ýmsum öruggum. Framsóknarkjördæmum nú i sumar, en allstaðar farið erindis leysu. Vist er það, að nú fyrir tveim, þrem vikum var hann svo langt leiddur, að hann sendi smala sína út um Reykjavík til að preifa fyrir sjer, hvers kjör-fylgis hann mætti vænta hjer ef hann byði sig í sameiningu fram fyrir Framsókn og „fína fólk-ist“, sem fyrir austan fjall er nú farið að kalla kvígunga.

Sjálfsagt hafa undirtektirnar verið heldur dapurlegar, og Hermann þess vegna orðið aerið glaður, þegar hann las í Þjóðviljanum, að hann væri viss á Ströndum. A. m. k. hefur Tímann ekki sagt fyrir frá því en nú berum orðum, að Hermann ætlaði að bjóða sig fram á Ströndum.

Vill Hermann spilla kosningu sjálfs sí?

Hermann þykist þó vera foxvondur yfir hóli Þjóðviljans og lætur svo sem kommúnistar hrósi honum af illmensku sinni, með það fyrir augum að fá þá af kommúnistum, sem ella mundu kjósa Hermann til að kjósa hinn opinbera frambjóðanda kommúnista, í þeiri vissu, að Hermann þurfi ekki á atkvæðunum að halda. Hann sje svo viss.

En ef þessi væri skýringin á hrósyrðum kommúnista, að hverju segir Hermann bá sjálfur, að hann sje alveg viss? Eftir hans eigin kenningu ætti það að verða til bess, að sópa fylgini af honum yfir á hinn opinbera kommúnista frambjóðanda. Ef ýmsir af kjósendum Hermanns hoppa yfir á kommúnista, einungis vegna þess að Þjóðviljinn segir, að Hermann sje viss, hljóta þeir að verða miklu fleiri, sem gera það, úr því að Hermann sjálfur staðfestir umsögn kommúnista um sigurvissu sína.

Tíminn hjálpar kommúnistum, þar sem lítið ber á

Trúi hver, sem vill, þessum kattarpvotti Hermanns. Enda getur sama tölvblað Tímans, þar sem Hermann þykist í leiðaranum vera að snupra kommúnista, ekki leynt þakklæti sínu til þeirra.

Í smáletursdálkinum hleypur blaðið fram fyrir skjöldu til að verja og afsaka skattsvík og gjaldeyrisundanskot Halldórs Kiljans Laxness. Á þessu málagni fyrri, dómsmálaráð-

herra, Hermans Jónassonar, er það að skilja, að núverandi dómsmálaráðherra hefði átt að stinga undir stól sakarefni, sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði upplýst, einungis vegna þess, að Halldór Kiljan Laxness átti í hlut.

Verk Páls Zóphónias-sonar

Um það skal ekki deilt við Tímann, hvort Hermann Jónasson hefði gert slikt á dómsmála ráðherraárum sínum, t. d. ef kosning hans í Strandasýslu hefði verið komin undir vinsemdu kommúnista.

Hitt ætti Tímanum að vera vorkunarlaust að vita, að jafnvæl þótt dómsmálaráðherra hefði verið allur af vilja gerður, gat hann engu ráðið um, hvað ríkisskattanefnd úrskurð aði í þessum efnum. Um ákvarðanir hennar ræður Páll Zóphóniasson miklu en dómsmálaráðherrann engu.

Gagnslausar dylgjur Tímans

Tíminn bregður ekki vana sínum, þegar hann segir, að dómsmálaráðherra ætti að hafa hendur í hári ýmissa ónafngreindra gjaldeyrisundanskotsmanna, annarra en Halldórs Kiljans Laxness. Getsakirnar og dylgjurnar eru engin nýjung á söluborði Tímans. Það er sá varningur, sem það blað hefur lengst af haft að bjóða.

Slikt stoðar ekki, ef alvarlega á að sinna þessum málum. Þá verður að tilgreina ákveðnar sakir hjá tilteknunum mönnum. Ef þannig er farið að og rökstuddum, ákveðnum kærum er ekki sinnt, þá fyrst er hægt að ásaka handhafa rjettvísinnar fyrir linkind í þessum málum. Hitt stoðar ekki að vera með sifeldan rógburð, styðja hann engum rökum, en snúast hið versta við, ef þeir eru látnir standa fyrir málí sínu, sem ótvírett eru sannir að sök, eins og nú er komið fyrir Halldóri Kiljan Laxness.

Kommúnistar eiga Hermanni margt að pakka

Eins og sýnt var fram á hjer í blaðinu á dögum er afstaða kommúnista til Hermanns Jónassonar ofur skiljanleg. Hún skýrist fyrst og fremst af því, að Hermanni hefur tekist það tvennt, að gera Framsókn ósamstarfshæfa út á við og óstarfshæfa inn á við. Kommúnistar eiga ekki betri erindreka og undirbúningsmenn en valda braskara á borð við Hermann Jónasson.

En heira Remur til. Hermann er alltaf öðru hvoru að

ympri á því i Tímanum, að lensku þjóðina sammála Þjóðöllum farist ekki að ásaka sig fyrir samstarfsvilja við kommúnista, því að sjálfir hafi þeir með þeim unnið. Þetta er rjett. Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn töldu það skyldu sína að reyna til þrautar, hvort kommúnistar væru samstarfshæfir; hvort þeir mætu meira íslenska hagsmuni eða rússneska.

Kommúnistar stóðust ekki raunina

Segja má að þeir, sem nágroru kunnugir kenningu kommúnista, hefði getað sjeð fyrir, hvernig þessi tilraun mundi takast; hún hlyti að fara út um þúfur, af því að kommúnistar vilja ekki vinna með öðrum flokkum, heldur eyðileggja þá, á sama veg eins og þeir vilja ekki vinna fyrir Ísland heldur vinna að því að koma Íslandi undir ok hins alþjóðlega kommúnisma undir stjórn einræðisherranna austur í Kreml.

Sú tilraun, sem af heilum hug var gerð til samstarfs við kommúnista hjer á landi, fór á þann veg, að kommúnistar afhjúpuðu sig sem auðmjúka þjóna útlendrar valdakliku. En það voru fleiri en íslenskir stjórnámamenn, sem á sínum tíma töldu það ómaksins vert að gera þessa tilraun.

Dómur sögunnar

Helstu stjórnámamenn heimsins, eins og Roosevelt og Churchill, gengu með grasið í skónum á eftir kommúnistastjórninni rússnesku til ærlegs samstarfs um alþjóðamál. Sú tilraun fór eins og allir vita. Rússland, undir stjórn kommúnista, vildi ekki vinna með öðrum ríkjum öllum aðiljum til ávinnings, heldur til þess eins að sundra fyrst samvinnuríkjum sínum og leggja þau síðan undir einveldi kommúnista.

Þetta er eitt aðalefnið í sögu heimsviðburðanna frá því á árinu 1945. Skilningur Hermanns Jónassonar á þessum staðreyndum lýsir sjer best í því, að hann hefur nú síðustu mánuðina skrifad óteljandi greinar, oftast nafnlausar, en einnig undir nafni, til áfellis þeirri viðleitni, að láta íslenskan almenning fylgjast með hinum merkustu atburðum, sem gerast úti í heimi. Af því að þessir atburðir minna flestir á, hvilik eyðilegging stafar af kommúnistum, vil Hermann þegja yfir þeim.

Hermann vill fela staðreyndirnar

Hugarheimur hans er ekki vidari en svo, að hann virðist halda, að hægt sje að gera íslensku þjóðina sammála Þjóðöllum fyrir samstarfsvilja við kommúnista, hvort ekki allt Morgunblaðinu að kenna, að stjórninni í Kreml kæmi ekki vel saman við nágranna sína og aðra þá, sem einhver skipti eiga við hana og ekki vilja liggja hundflatir fyrir valdboðunum að austan.

Sem betur fer gildir kommúnistisk ritskoðun ekki á Íslandi og Hermann Jónasson getur ekki með nöldri sínu i Tímanum, hversu oft sem hann endurtekur það, fengið því áorkað, að ekki sje getið um helstu viðburði heimsins í blöðum hjer á landi.

Vonlaus baráttá Hermanns

Pessi barnalega viðleitni til aðstoðar kommúnistum verður aðeins Hermanni sjálfum til tjóns. Þegar þjóðin snýr baki við kommúnistum, eins og hún mun gera við þær kosningar, sem nú fara í hönd, mun hún um leið hrísta af sjer alla kommúnistadindlana. Fremstur í þeirra hópi er Hermann Jónasson og vegur hans er þeim muninni en annarra, sem hann hefur ekki löngr til að vinna með kommúnistum af því, að hann trúi á kenningu þeirra, eða, að hann telji þá geta orðið íslendingum til gagns, heldur einungis af því, að hann vonar, að þeir muni fullnægja óslökkvandi valdaþrám hans.

Sök Hermanns Jónassonar er sú, að eftir að reynslan hefur sýnt, bæði hjer á landi og annarsstaðar, hvers eðlis kommúnistar eru, þá vill hann, gegn betri vitund, efla þá til valda og áhrifa aðeins, ef þeir lyfta honum sjálfum í forsætisráðherrastólinn um leið.

Þjóðin mun sýna, að hún vill ekki, að þessir valdadraumar Hermanns Jónassonar rætist. Pessvegna er baráttá hans vonlaus.

Umhyggja kommúnista fyrir smyglurum, gjaldeyrisafbrotamönnum og skattsvíkurum

ÞESS munu fá dæmi, að nokkrir menn hafi látið dólgsslegar út af gjaldeyrisbrotum, skattsvíkum og smygli annarra en kommúnistar hér á landi. Málflutningur þeirra hefur löngum sjallað mest um ákærur á hendur einstaklingum og stundum jafnvel heilum stjettum fyrir brot þessarar tegundar.

Innántomt orðagjálfur kommúnista

Prátt fyrir allan dólgháttinn og láttusar ákærur hafa kommúnistar þó látið það undan fallast, að benda á ákveðin dæmi í þessum efnunum, þar sem brot hafi komist upp og beim ekki verið fylgt eftir á þann veg, sem lög mæla fyrir um.

Gifluryrði í þessum efnunum sem öðrum stoða lítt. Það sem máli skiptir er að benda á ákveðna sökunauta og sanna sekt þeirra. Þá fyrst er tímaþært að bera fram ásakanir gegn stjórnarvöldunum, ef mál gegn sönnuðum sökunautum eða þeim, sem ákveðin rök eru færð fyrir, að sekir muni vera, eru ekki rekín svo sem lög mæla fyrir um. Glamur kommúnista hefur ekki miðað að því, að hjálpa til að halda uppi landslögum, heldur að hinu, að vekja tortrygni, sundrunu og illindi á meðal manna.

Gleðjast ef andstæðingar þeirra eru sakfeldir

Út af fyrir sig getur enginn undrast þá starfshætti kommúnista í þessum málum, því að þannig starfa þeir ætlið. Við hinu hefði mætt búast, að þeir tækju því fegins hendi, ef sakir sönnuðust í ákveðnum tilfellum, svo að rjettvisin hefði hendur hári þeirra, sem af sjer höfðu brot.

Svo hefur einnig verið, ef þeir, sem sekir hafa reynst, eru andstöðumenn kommúnista í stjórnámum. Þá kunna kommúnistar sjer engin læti og ætla af göflunum að gange af gleði yfir ófarnaði þessara manna. En hafi svo farið, að yfirlýstir kommúnistar hafi flækst í net rjettvisinnar og verið á sama tít og aðrir dregnir fyrir lög og dóm, hefur hvinið töluvert á annan veg í hinum kommúnistiska skjá.

Jón Aðalsteinn

Menn minnast þess hvíliktig ófalegt æði greip kommúnista í fyrra sumar, þegar það var ekki þolað, að vjelstjórinn Jón Aðalsteinn, gamalþekktur erindreiði kommúnista og boðberi þeirra á milli landa, beinlínis ögraði tolyfirvöldunum, og reyndi að skjóta undan mikilvægum sönnunargögnum um sektina.

Af því, að þarna var um að ræða mann úr innsta hrинг kommúnista, einkavin Einars hins þögla Olgerissonar, Brynjólfss Kuusinenbróður Bjarnasonar, og annarra kommúnistaþroddra hjer á landi, töldu kommúnistar það hreina goðgá, að látin voru gilda sömu

lög fyrir hann og aðra, sem á sama veg hafa reynst brotlegir.

Játar sekt sína

Þjóðviljinn taldi, að þarna væri um einbera ofsókn að ræða. Jón Aðalsteinn væri saklaus sem unglamb, það væri að eins óvætturinn Bjarni Ben, sem vildi gera honum bölvun.

Nú fyrir nokkrum mánuðum er genginn dómur í máli Jóns þessa Aðalsteins. Svo sem nærrí mátti geta, var Jón fundinn sekur og dæmdur í háa sekt fyrir afbrot sitt. Þjóðviljinn hefur látið sjer hægt um, að skýra frá þessum málsúrlitum. Er það og að vonum, því að Jón Aðalsteinn taldi málið svo vonlaust fyrir sig, að hann hefur ekki þorað að áfrýja málinu til hæstarjettar. Prátt fyrir andóf sitt og undanfærslur hefur Jón Aðalsteinn með þessu játað sekt sína svo greinilega sem frekast mátti verða.

Ísleifur Högnason

Þeir Ísleifur Högnason, forstjóri Kron, og forstöðumaður bókabúðar Máls og menningar, þóttust hinsvegar standa fastari fótum, því eftir að hjerðasdómur hafði dæmt þessa two hefðarkommúnista, báða fyrir brot á innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni, skutu þeir málum sínum til hæstarjettar.

En svo sem kunnugt er, spratt það af laumuinnflutningi til landsins.

Þessara fyrirtækja á blöðum og tímaritum frá Sovjet-Rússlandi.

Þar var viljinn til brota á settum reglum óvenjulega auðsær. Engin fyrirstaða hafði verið, nje var, fyrir innflutningi rita þessarar á löglegan hátt. Strax og leyfis var beðið fyrir hann, var leyfið veitt. En löngunin til lögbrota var svo mikil þjá þessum mönnum, að þeir kusu heldur að fara lögbrotaleiðina, en leita leyfis með sama hætti og aðrir óbreyttir borgarar.

Hæstirjettur sakfeldi

Ísleif

Sjálfsgagt hefur þá dreymt um, að þeir væru þá þegar komnir í Sovjetsæluríkið, og gætu, að sið annara Sovjethöfdingja, farið sínu fram. Lögin og reglurnar væru ekki til, fyrir þá útvöldu, heldur aðeins fyrir „almúgann“, svo að orðalag Hermanns Jónassónar sje notað.

Að vonum fjellst hæstirjettur ekki á þessi kommúnistisku sjónarmið. Hann dæmdi Ísleif Högnason og sakarbróður hans

hætti og aðra íslenska þegna, sem löginn hafa brotið.

Þjóðviljinn hefur látið sjer tiltölulega hægt um þessi málslíð. — En þó hefur það ekki dulist, að hann kann því illa, að á Íslandi skuli löginn nái einnig til hinna æðstu vildarmanna kommúnistaklíkunnar.

Halldór Kiljan

Út yfir tekur þó framkoma kommúnista út af skattaálagninguinni á Halldór Kiljan Laxness. Þar koma enn fram hin sönnu einkenni kommúnista og áður, aðeins í ennþá ríkari mæli en nokkru sinni fyr.

Í Þjóðviljanum er berum orðum sagt, að slíkt ofurmenni og Halldór Kiljan Laxness eigi ekki að fara að íslenskum lögum.

Sjálfsgagt er enn ýmislegt óupplýst í máli rithöfundarins á Gljúfrasteini. Skattsvíkin eru aðeins önnur hlið afbrots hans. Ef til vill eru sjálf skattsvíkin bó ekki jafnmikil og hinn gifurlegi skattur, sem Ríkisskattanefnd hefur áætlað honum, bendir til. Sú skattálagning byggist á því, að skáldið hefur neitað að gefa skattyfirvöldunum samskonar upplýsingar og allir Íslendingar, skattskyldir hjer á landi, eru skyldugir til.

Hvað er um gjaldeyrisbrot Kiljans?

Ef skáldið lætur svo lítið að gefa lögákvæðar upplýsingar, kann svo að fara, að skattur hans lækki eithvað. Það er sjálfsgagt mál. Halldór Kiljan Laxness á síst að verða verr úti en aðrir skattþegnar. En hann verður að skilja, að um hann gilda í þessu sömu lög og aðra.

En úr því að sannað er, að Halldór Kiljan Laxness hefur skotið undan skatti mjög verulegum fjárhæðum í erlendum gjaldeyri, og þá einkum bandarískum dollarum, þá spryr almenningur, hverjar ráðstafanir yfirvöldin hafi gert til að koma fram lögum á honum út af gjaldeyrisbrotum hans. Því að

mönnum skilst, eins og fyrir segir, að afbrot Kiljans sje tvíbætt: Annarsvegar eru skattsvíkin, hinsvegar er undanskot gjaldeyris í óvenju stórum stíl.

Allir vilja vera góðir við skáldið

Hvað sem pólitískum skoðunum Halldórs Kiljan Laxness liður, verður ekki um það deilt, að hann er mikill rithöfundur. Hann á þess vegna allra manna sist skilið nokkurskonar ofsókn, enda virðast yfirvöld

in hafa sýnt honum einstaka hlífð í allri meðferð þessa mál.

Á það geta allir fallist, að slíkur maður sje meðhöndlæður mjúklega, en hann verður að skilja það eins og aðrir, að löginn eru til þess að halda þau, en ekki brjóta. Enda ætti slíkur maður, sem Halldór Kiljan Laxness, er íslenska þjóðin hefur dekrað við, öðrum fremur að finna hjá sjer löngun að leggja af mörkum lögskyldar kvaðir, svo meðal annars sje hægt að styrkja fátækja upprennandi rithöfunda og kaupa nauðsynjar.

Prátt fyrir það, þó að ritihöfundurinn hefur skrifar heilmrar bækur, sem ekki síst fjalla um, að öðrum hafi orðið áfátt í þessum efnunum, virðist hann hafa í því gert töluvert minni kröfur til sjálfssín. Látum það vera. Slíkt er mannlegur breyskleiki. En einhver takmörk eru þó til. Um það verður því miður ekki deilt, að hið snjalla skáld hefur farið út fyrir þau.

Glatað tækifæri kommúnista

Blindur er hver í sjálfssín sök, en sú blinda ætti þó ekki að slá heila flokka. Ef kommúnistar hefðu lýst yfir samúð sinni með Halldóri Kiljan Laxness, en látið uppi óskir um, að rjett lög væru látin ganga yfir hann, hefði þetta mál getað orðið þeim til ávinnings. Til bess skortir þá bæði vit og broska. Maðurinn er kommúnisti, og þar af leiðandi á hann að vera hafinn upp yfir löginn að þeirra álti.

Þjóðviljinn lætur sjer ekki nægja einn daginn minna en tvær greinar til að býsnast yfir „ofsóknunum“ á Halldór Kiljan Laxness. Er jafn vel gefið í skyn, að gera eigi skrauthýsis-eigandann að Gljúfrasteini, með bílana two, hungurmörða, með atferli yfirvaldanna, og hrekja hann úr landi!!!

Slikur málflutningur kann að bykja góð latína á sellufundunum. En almenningur unir honum ekki.

..

Af hverju hjálpa kommúnistar Hermanni Jónassyni?

Viljinn til upplausnar ælði hinn sami

„STRANDAMENN eru kunnir að því að fylgja sannfæringu sinni og hafa hvað eftir annað sannað það á eftirminnilegan hátt. Er talið víst, að kosning Hermanns Jónassonar sje stórum öruggari en síðast, en þá sigraði hann með 132 atkvæðum.“

Átrúnaðargoð kommúnista

Það leynir sjer ekki, að hjer eru aðdáendur og vinir að lýsa átrúnaðargoði sínu. Enda birtust ummæli þessi s.l. föstudag, þann 19. ágúst í Þjóðviljanum, og voru um Hermann Jónasson. Þeim, sem lesið hafa lýsingar Þjóðviljans undanfarið á tvískinnungi og óheilindum Framsóknarflokksins, kann að visu að þykja merkilegt, að blaðið skuli nú gerast málsvari formanns þessa, að blaðsins dómi, auðvirðilega flokks.

En betta er ekki eins merkilegt og í fljótu bragði virðist. Þjóðviljinn hefur einmitt verið einkar énægður með þá starfsemi Hermanns Jónassonar, sem hann hefur eytt kröftum sínum í að undanföru, að stofna til sífelldrar sundrungar innan Framsóknarflokksins.

Óheilindin, sem ætið hafa ein kennit stjórnmalastarf Hermanns Jónassonar, og valdarbröltið, sem hann hefur stundað af óvenjulegri ákefð, eru einmitt þau einkenni stjórnmálanna, sem kommúnistar meta mest hjá mönnum í öðrum flokkum. Það eru slískir menn, sem þeir geta haft gagn af og notað sjer til framdráttar þegar á reynir. Þess vegna vilja kommúnistar með engu móti, að því líkir menn hverfi af vettvangi stjórnmálanna.

Dómur Framsóknarþingmannsins

Á s.l. vori sagði einn af elstu, reyndstu og mikilvirtustu þingmönnum Framsóknarflokksins, að oft hefði andrúmsloftið innan flokksins hjá ráðamönnum hans verið lævi blandið, en al-drei þó eins og nú.

Þegar athugað er, hvernig farið hefur fyrir flestum mestu ráðamönnum flokksins, er vissu-lega mikil sagt með orðum þessa gamalreynda flokksmanns.

Tryggi Pórhallsson, annar aðalstofnandi Framsóknarflokksins, formaður hans, og umboðsmaður flokksins í ríkistjórn sem forsætisráðherra um rúmlega fimm ára skeið, var hrakinn úr floknum.

Um sama leyti var Ásgeir Ásgeirsson annar af mestu áhrifa mönnum flokksins, og þáverandi umboðsmaður hans í ríkistjórn, einnig sem forsætisráðherra, leikinn svo grátt af flokksbræðrum sínum, að hann neyddist til að segja sig úr floknum.

Meðferðin á Jónasi

Út yfir tók þó, þegar Jónas Jónsson varð að fara sömu leiðina.

Jónas var aðal stofnandi flokksins og mesti baráttumaður hans frá fyrstu. Hann hafði

lengst af ráðið mestu um flokks starfsemina og verið umsvifa mestur af þeim, sem ráðherradómi hafa gegnt fyrir flokksins hönd. Allir aðrir, sem vegna eigin starfa höfðu unnið sjer til ágætis í floknum, höfðu annaðhvort dregið sig í hlje, eða þeim hafði verið stökkt úr floknum.

Að svo vöxnu máli hefði mátt ætla, að völd og áhrif Jónassar væri sæmilega tryggð. Allir þeir, sem áhrif höfðu í floknum og til valda höfðu komist í landinu á flokksins vegum, höfðu gert það sem skjólstæðingar og lærisveinar Jónasar.

En þegar aldurinn fór að færast yfir Jónas voru launin þau að fyrst var hann lítilsvirtur af flokksmönnum sínum og síðan flæmdur á brott með beinni of-sókn og illyrðum.

Baráttan látlaus

Í flokki, þar sem þannig hefur farið fyrir hverjum forystumanninum á fætur öðrum hlýttur andrúmsloftið oft að hafa verið leiðinlegra en með orðum verði lýst. Má því nærrí geta, að það var ennpá verra á s.l. vori, en nokkru sinni áður. Að þessu sinni duldist engum hverjum þessi ósköp voru að kenna.

Meginhluti flokksins hafði tekið þá ákvörðun að starfa í nýv. ríkisstjórn. En vegna þess að formaður flokksins fjekk eigi með því fullnægt valdaþram sínum, var hann ætið frá upphafi eins andsnúinn þessu samstarfi og frekast gat verið. Sú andstaða snertist þó ekki eingöngu gegn samstarfsflokkum Framsóknar, heldur einnig gegn þeim valdamönnum flokksins, sem mesta ábyrgð báru á því, að samstarfið hafði verið tekið upp og því var halðið við.

Eiturþvunum var óspart skotið úr leyinifylgsnum. Ákefðin var jafnvel svo mikil, að á stundum braust baráttan út á sjálfum vettvangi Tímans, svo að allur almenningur sá móta fyrir þeiri viðureign, er átti sjer sífellt stað bak við tjöldin.

Hlutverk Hermanns

Ákefðin í að spilla stjórnarsamstarfinu varð svo mikil, að Hermann Jónasson færðist ósjálfrátt með dægi hverjum næri og nær kommúnistum, þangað til þeir nú tileinka sjer hann alveg og gera hans baráttu að sinni baráttu.

Kommúnistar fara ekki dult með, að með þessu telja þeir sig gera Framsóknarflokknunum mesta bölvun. Þeir segja, að hin harðasta gagnrýni á Framsóknarflokknunum sje vel samrýmanleg því, að hefja Hermann Jónasson til skýjanna. Hann sje maðurinn, sem annaðhvort muni fáa flokkinum sínum, sem kommúnista eða ganga frá honum sundurflakandi og mátt

lausum með öllu. Hermann hafi og verið á móti flestum þeim málum, sem Framsóknarflokkrinn hafi bundist fyrir síðasti liðin ár, og sje því baráttan gegn Framsóknarflokknum best styrkt með því að efla áhrif Hermanns Jónassonar.

Pessi er kenning kommúnista og i henni er mikil til. En þó dylst það ekki að i sumum málum hefur Hermann miklu ráðið innan flokksins.

Einu sinni var Framsókn sammála

Vitað er t. d. að ein mikilvægasta embættisveiting, sem Eysteinn Jónasson hefur gert í stjórnartíð sinni, var í fullsamræmi við vilja Hermanns Jónassonar. Það var þegar Eysteinn gerði Agnar Kofoed-Hansen að flugvallastjóra.

Áður hafði Agnar Kofoed-Hansen gegnt lögreglustjóra-embættinu í Reykjavík, sem Hermann Jónasson hafði skipað hann í. Sú embættisskipun vakti mikla gagnrýni á sínum tíma, aðallega vegna þess, að Agnar var talinn skorta lögfræðilega þekkingu og reynslu, sem nauðsynleg væri til að gagná sliku starfi. Hermann Jónasson svaraði því svo, að skapfesta Agnars, einbeitni, heiðarleiki og dugur vægi marg faldlega á móti þeim minniháttar ágöllum, sem gagnrýnendurnir fyndu Agnari til foráttu.

Auðvitað var Agnar ekki fullkominn í því fremur en aðrir menn, en að ýmsu leyti rækti hann starfið vel. Hann var og ætið flugmálaráðunautur ríkisins þann tíma, er hann gegndi lögreglustjóra starfinu. Þegar hann því sótti um flugvalla stjóra starf ríkisins var það eðli leg embættisveiting hjá Eysteini Jónassyni, að skipa Agnar Kofoed-Hansen í þá stöðu. Vist

er um það, að allra síst gat Hermann Jónasson haft á móti þeirri skipun.

Umsögn Þjóðviljans um flugvallastjóran

En hver er nú dómur Þjóðviljans um þennan mann, sem Framsóknarflokkrinn allur hefur sameinast um að veita hverja trúnaðarstöðuna eftir aðra. Daginn eftir að Þjóðviljinn hljóp undir baggann með Hermanni sagði blaðið:

„Æðsti íslenski yfirmaður vallarins er hinsvegar annar íslendingur, Agnar Kofoed-

Hansen, flugvallastjóri ríkisins og formaður Flugráðs. Er hann í mjög góðu vinfengi við hina bandarísku herramenn á vellinum, enda sýna þeir honum vinsemdu síná í verki. Það vekur t. d. athygli, að Agnar er nú að byggja hús í Kleppsholti, en við þá byggingu vinna verkamenn af Keflavíkurflugvelli, bilar að Keflavík og vegvilk og í bygginguna er notað efni af Keflavíkurflugvelli.“

Allt sama lygin hjá kommúnistum

Sjálfsgagt hafa einstaka Framsóknar-sálar trúð á frásogn Tímans um sigurvissu Hermanns á Ströndum. En hvernig skyldi þeim sömu hafa litist á þessa umsögn Þjóðviljans?

Það leynir sjer ekki, að með þessum orðum er verið að gefa í skyn, að flugvallastjórin hinn fyrrv. lögreglustjóri, sje allt í senn, svikari, þjófur og smyglari. Um leið og Þjóðviljinn fullyrðir, að Hermann Jónasson muni hljóta kosningu á Ströndum, af því að Strandamenn fylgi honum af sannfæringu, segir blaðið þannig, að einn helsti skjólstæðingur Hermanns sje fulkominn misendis-og afbrotamaður.

Auðvitað eru ásakanirnar á flugvallastjóra ríkisins gripnar úr lausu lofti og sjáanlega tóm lígi. Hann mun og nú þegar hafa krafist þess, að opinber rannsókn yrði fyrirskipuð út af þessum áburði og mun Þjóðviljinn vafalaust á sínum tíma hljóta rjettmæta refsingu fyrir álygar sínar.

Örlög kommúnista alsstaðar eins í hinum frjálsa heimi

En það breytir ekki því, hvers eðlis vitnisburðurinn er, sem Þjóðviljinn gefur sjerstökum trúnaðarmönnum þess, er hann fullyrðir að Strandamenn muni fylgja af sannfæringu. Og þó er þetta ekki svo mjög óeðilegt, því að lýsingin, sem blaðið gefur af flugvallastjóranum, virðist að mestu geta átt við helstu ráðamenn í kommúnista-floknum sjálfum.

Segja má, að nú dags daglega sannist upp á helstu valdamenn þar ymiskonar lögþrótt, skattsvík, undandráttur og annað óheiðarlegt atferli. Þeir, sem bannig er komið fyrir, verða að vonum nokkuð ruglaðir í öllum rjettarhugmyndum sínum. Almenningur er og farinn að átta sig á, að engu orði Þjóðviljans er að trú. Þar er þeim mun meira fullyrt, sem miðna er af sannindum á bak við.

En þetta er ekkert sjerkenni á kommúnistadeildinni hjer á landi. Með þessu marki eru flokksdeildir þeirra brenndar um allan heim. Það er ein af skýringunum á því, af hverju fylgi hefur hrundið svo hrápalega af þeim sem raun ber vitni um.

Reynslan hjer á landi mun verða hin sama. Almenningur fordæmir kommúnista þeim mun meir, sem hann þekkir þá betur. Þess vegna mun útreið þeirra við þær kosningar, sem nú fara hjer í hönd, verða hraklegri en nokkru sinni fyrr.

Harðvítug deila innan kommún- istadeildarinnar á Íslandi

ÞAÐ ER KUNNARA en frá þurfi að segja, að undanfarið hafa átt sjer stað harðvítugar deilur í flestum kommúnista-deildum heimsins utan Íslands, og hefur þeim viðast hvar lok-ið með viðtækum „hreinsunum“. Deiluefnioð hefur hvarvetna verið hið sama: Afstaðan til Rússlands.

Hið dýrðlega fordæmi Kristins

Alls staðar þar sem einhvers sjálfstæðis hefur gætt gegn him um rússnesku valdboðum, hafa þeir, sem gerðust svo djarsfir að láta örla á sjálfstæðum skoðunum, ýmist verið reknir eða barðir niður með harðri hendi.

I flokksdeildinni á Íslandi hefur ekkert i þessa átt komið fram. Þar er ein hjörð og einn hirðir. Allir mæna vonaraugum til Moskva og hlýða skilyrðislaust öllum fyrirmælum, sem þaðan berast. Enginn vill nú vera lakari en Kristinn Andresson. Hann fjekk þann vitnisburð eins rússneska erindrekans, sem hjer dvaldi, að Kristni hefði hann ætið mættreysta.

Allir sannir kommúnistar hjer á landi vilja eiga slíkan vitnisburð skilið og við það miða þeir öll sín orð og athafnir. Það verður því ekki annað sagt, en að íslensku kommúnistarnir sjeu einhuga hópur, sem engan bilbug lætur á sjer finna í því, sem mestu máli skiptir fyrir þá, hvað sem á dynur.

Uppnámið út af Tivoli

Þeim mun eftirtektarverðara er það, að innan flokksdeildarinnar er nú komin upp harðvítug deila, sem brotist hefur út í Þjóðviljanum, og er nú sótt og varin af miklu kappi. Agreiningur bessi jafnast að vísu ekki að mikilvægi á við deilurnar, sem annars staðar eiga sjer stað um það, hvort flokksdeildirnar skuli vera algjörlega viljalaust verkfæri í höndum erlendra manna, eða reyna að halda í einhvern snefil af sjálfsvirðingu og sjálfstjórn.

Engu að síður er það ótvírætt, að hinum santrúaða Moskvalýð hjer á landi þykir mikil til deiluefnisins koma. En það er um afstöðu flokksins til skemmtistaðarins Tivoli hjer í bæ og sýningar nokkurra fimeika- og töframanna þar að undanfornu.

Uggur Einars Olgeirssonar

Upphaf deilunnar er nokkuð óljóst.

Fróðustu menn telja þó, að það sje undirrót hennar, að sumir flokksdeildarbroddarnir hafi óttast of mikla samkeppni viðurkenndra töfra- og sjón-hverfingamanna.

Einkanlega mun Einar Olgeirsson hafa uggað að sjer. Honum hefur fram að þessu tekist að leika þau töfrabögð gegn skattyfirvöldunum að borga ekki hærra útsvar en

Afstaðan til Tivoli kemur öllu í uppnám

eignalausar iðnaðar- og starfsstúlkur gera.

Prátt fyrir þetta hefur Einar haft efni á langvarandi siglingum, a. m. k. annað hvert ár, og nýlega tók hann við íbúð, sem einn allra ríkasti maður landsins hafði áður búið í.

Allir góðiviljaðir menn gleðjast yfir velgengni Einars og unna honum persónulega sem mestrar hagsældar. Hitt dylst engum, að honum hefur tekist að leika á skattyfirvöldin og niðurjöfnunarnefndina.

Kiljan brást bogalistin

Enginn býst að vísu við, að skattar Einars mundu töfrahagðalaust hækka jafnmikið og skattar rithöfundarins á Gljúfrasteini, sem eftir gagnrýni riskiskattaneftdar hækkuðu úr kr.

1168.00 upp í kr. 224.811.00. —

Skáldið í skrauthýsinu með bílanum tvo hafði og vissulega ofboðið trúgirni hinna auðtrúuðustu yfirvalda, þegar það þóttist ekki hafa meiri tekjur en bláfátekir barnamenn.

Einar má eiga það, að brögð hans eru ekki nema svipur hjá sjón miðað við þær listir, sem

Kiljan ætlaði að leika en misstökst. Skiljanlegt er samt, að

Einar Olgeirsson af þessum á-

stæðum og öðrum óski ekki eftir því, að almenningur eigi þess

kost að skoða töfrabögð of oft

eða náið, því að þá er viðbúið

að menn „sjá i gegnum“ listi-

rnar og hætti að trúá á þær

svo, að öðrum í greininni verði

haett.

Sjera Sigfús vill sjá menn fara í „gegnum sjálfan sig“

Hins vegar telja aðrir, að sjera Sigfús og Brynjólfur Bjarnason dragi mjög taum listamannanna.

I sjera Sigfusi er alltaf nokk-

ur beygur við hinar kommúnis-

istisku kollvæltur og honum er

þess vegna talsverður sálrænn

styrkur í því að sjá aðra fara

„i gegnum sjálfan sig“ og gera

aðrar ótrúlegar listir.

Brynjólfur þykir það og hafa

styrkjandi áhrif á undirmenn

sína, að þeir sjái, að hægt er að

ganga á örðjórri línu í hálofti

án þess að hálsbrotna. Honum

þykir líklegt, að þessi fyrir-

mynd verði til þess að hvetja

fleiri til að elta sig í hinum

kommúnistiska línuðansi, eftir

laginu, sem spilað er austur í

Moskva.

Brynjólfur lætur í minni

pokann

Orustunni um Tivoli innan

kommúnista flokksdeildarinnar

hjer er enn ekki lokið og sjál-

sagt ráða aðrar hvatir, en hjer

hafa verið taldar, afstöðu ein-

stakra deildarmanna. Úrslitin

verða bess vegna ekki sjeð fyrir

þessu stigi.

Þeir, sem best eru að sjer í

leyndarmálum sellanna spá því

bó, að aldrei þessu vant muni

Brynjólfur verða undir að þessu

sinni. „Attanioss“-hátturinn við

Rússa er svo rótgróinn innan

flokksdeildarinnar, að hann

þarf ekki styrktar við. Ottinn

við, að upp komist um töfра-

brögðin, mun verða þyngri á

metunum.

Skrípalætin gagna kommúnistum ekki

En af hvaða toga, sem Tivoli-

deilan er spunnin og hvernig

sem henni lyktar, geta aðrir

landsmenn látið sjer hana í

ljettu rúmi liggja. Hún er að-

eins gott dæmi um mikilvægi

þeirra mála, sem kommúnistum

er leyft að hafa mismunandi

skoðanir um.

Um það, sem einhverju skipti

ir íslenskan almenning, greinir

þessa herra ekki. Þar er rúss-

neska óheillastefnan ætið látin

ráða öllu og íslenskir hagsmunir

er að engu hafðir.

Á bessa staðreynd tekstu

kommúnistum ekki að skyggja

með skrípalátum sínum.

Íþjóðin hefur þegar átt að sig á

brögðum þeirra og mun ekki

framari sýna þeim trúnað, heldur

gjál达 þeim þau laun, sem

ótrúir þjónar verðskulda.

- Finland

Framh. á bl. 2
sagði Fagerholm, „en heir sjá,

að verkföll er ekki riðta að

ferðin til að ná því marki, eins

og ástandið er nú í landinu. —

Aðalatruðið er að komist verði

hjá atvinnuleysi næsta veturn.

Ef laun verkananna hækkuðu

nú og þar með framfærslu-

kostnaður, þá fær ekki hjá því

að atvinnuleysi væri fyrir dyrum í landinu.

„Pegar erfiteikarnir sem

nú steðja að eru yfirstignir að

þessu sínu, munu kommúnistar

þursa að fá tíma til að sleikja

sár sír“ bætti ráðherrann við.

„Og þeir hafa vissulega ekki

aukið á möguleika sína fyrir

því, að þeir verði teknir inn í

samsteypustjórn“.

20. ág. 1949.

MORGUNBLAÐIÐ

Kommúnistar slá skjaldborg um Hermann

Þjóðviljinn lýsir yfir fylgi sínu við hann

PEGAR í upphafi kosningabaráttunnar hefur sá atburður gerst að formaður Framsóknarflokksins, Hermann Jónasson, hefur leitað atbeina kommúnista af ótta við það að falla í kjördæmi sínu. Kommúnistar hafa brugðist vel við og Þjóðviljinn lýsir því yfir í gær að kosning Hermanns sje vís og hvetur mjög til stuðnings við hann.

Ótti Hermanns

Þegar að kunnugt varð um undirtektir þær, sem Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra og Eggert Kristjánsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokkusins í Strandasýslu, fengu á hjer aðsmótinu á Hólavík, gerðist Hermann mjög órólgegur og uggandi um pólitískan hag sinn. Hann hefir lengi sumars verið í makki við „Þjóðvarnarmenn“ um stuðning við framboð sitt í Reykjavík. Leit í bili út fyrir að samningar myndu takast en að lokum gugnaði „fína fólkid“ á að rugla reitum sinum saman við dót „fornleyfafjelagsins“. Hafði Hermann þá ekki í annað hús að leita en sitt gamla kjördæmi, sem við síðustu kosningar svipti hann drjúgum hluta af fyrra kjörfylgi hans. En þegar hann sá, hversu þungar horfur voru þar, mun hann hafa barið dyra hjá kommúnistum og fengið þar góðar móttökur.

Yfirlýsing Þjóðviljans

Kommúnistar eru í gær ævareiðir yfir hjeraðsmóti Sjálfstæðisflokkusins á Hólavík og segir það móðgun við Strandamenn að efast um fylgi þeirra við Hermann Jónasson. Reynir Þjóðviljinn að hugga Hermann og kemst þá m. a. þannig að orði:

„Strandamenn eru kunnir

að því að fylgja sannfæringu sinni og hafa hvað eftir ann að sanhað það á eftirminnilegan hátt. Er talið víst að kosning Hermanns Jónassonar sje stórum öruggari en síðast, en þá șigraði hann með 132 atkvæða mun“.

Það er þunnt móðureyrað, það dylst ekki. Kommúnistar geta ekki hlustað á ráðagerðir um að formaður Framsóknarflokksins muni falla í kjördæmi sínu án þess að koma honum jafn greinilega til aðstoðar og þessi ummæli bera með sjer.

En Hermann Jónasson er sannarlega ekki öfundsverður af þessum traustsyfirlýsingum kommúnistablaðsins. Og hvað segja heiðarlegir bændur, sem fylgt hafa Framsóknarfl. í þeirri trú, að hann berðist gegn kommúnistum og landráðabréfum. En kommúnistar eru nú að launa Hermanni Jónassyni fyrir tvískinnung hans í stærstu utanríkismálum þjóðarinnar. Brynjólfur þekkir sína og man hjásetu Hermanns í atkvæðagreiðslunni um Atlantshafsbandalagið og mótatkvæðið gegn Keflavíkursamningnum.

En stuðningur kommúnista mun ekki nægja til þess að stöðva þá þróun, sem hófst með atkvæðatapi Hermanns í síðustu kosningum.

Árásirnar

á Eggert Kristjánsson

Árásir kommúnista á Eggert Kristjánsson eru hlægilegar og sýna hversu ráðvilltir þeir eru. Er honum talið það helst til foráttu, að hafa átt þátt í því með nokkrum öðrum mönnum að koma rekstri þýðingarmikils atvinnufyrirtækis í Strandasýslu, á rjettan kjöl. Hvílik ósvinna!!.

Árásir kommúnista á frambjóðanda Sjálfstæðisflokkusins í Strandasýslu sýna aðeins að þeir vita, hvers trausts han nýtur þegar í hjeraðinu og að fylgi hans fer örugglega vaxandi.

Morgunblaðið

36. árgangur.

182. tbl. — Laugardaginn 13. ágúst 1949.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

Stjórnin er þingræðisstjórn þótt Framsókn tali um samvinnurof

Eina ráðið til að slíta samstarfinu er að fara

Greinargerð Sjálfstæðisflokkssins lögð fram á ráðuneytisfundi, 12. á gúst

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN hefði talið eðlilegast, að í greinargerðum þessum væri hverjum flokki látið eftir að skýra afstöðu sína. Í þess stað hefur **Framsóknarflokkurinn** tekið að sjer, í greinargerð þeirri, sem ráðherrar hans afhentu í ríkisstjórninni í gær, að túlka tillögur **Sjálfstæðismanna**. Um þá túlkun þarf ekki að ræða, því að tillögurnar skýra sig sjálfar. Þar er rækilega gerð grein fyrir því, í hverju vandinn nú liggur, hvernig hann verði best leystur, og einnig hver úrræði sjeu vænlegust til lausnar þeim minniháttarmálum, sem **Framsóknarflokkurinn** hefur lagt megináherslu á.

EIGI FALLIST Á TILLÖGUR FRAMSÓKNAR

Sjálfstæðisflokkurinn hvorki vill nje getur ráðið því á hverju „**Framsóknarflokkurinn** vill ekki bera ábyrgð“ og getur því ekki sagt fyrir um, hvenær **Framsóknarflokkurinn** telur núverandi „stjórnarsamstarfi lokið“. Sjálfstæðisflokkurinn vill þó taka fram, að af hans hálfu hefur stjórnarsáttmálinn frá 1947 í einu og öllu verið haldinn. Það, sem nú hefur hent, er það, að **Framsóknarflokkurinn** hefur eftir þingslit tekið upp nokkrar tillögur, sem síðasta Alþingi vildi ekki sinna og þá var ekki fylgt eftir af **Framsóknarflokksins** hálfu, og krafist þess, að Alþingi væri kvatt saman til að koma þeim í framkvæmd, ella skyldi ríkisstjórnin öll beiðast lausnar.

Á þetta hafa hvorki Sjálfstæðisflokkurinn nje Alþýðuflokkurinn fallist, og er það að sjálfsögðu **Framsóknarflokksins** að ákveða, hverjum afleiðingum hann vill taka af þeirri synjun á kröfum hans.

A hitt verður Sjálfstæðisflokkurinn að benda, þótt óþarf að virðast, að eina ráðið til að slíta samstarfi er að slíta því, en ekki það, að slíta því ekki, þótt sagt sje að ætlunin sje að slíta því einhverntíma síðar, jafnvel þótt við ákveðinn tíma sje miðað.

Sjálfstæðisflokkurinn bendir á, að bæði samkvæmt lögum og eðli málsins er eina ráðið fyrir ráðherra til að firra sig ábyrgð á stjórnarathöfnum að segja af sjer stjórnarstörfum um leið og þær athafnir eru ákvarðaðar. Ef einhver er óánægður með þær ákvarðanir, sem tekna eru, og vill ekki bera ábyrgð á þeim verður hann þess vegna að segja af sjer þá þegar. Í því efni skiftir engu máli, þótt hann kunni að ætla að gera það einhverntíma síðar. Aframhaldandi seta í ríkisstjórn sýnir, að aðili sættir sig við þá lausn, sem ofan á hefur orðið.

Þetta eru frumatriði stjórnskipulags íslenska ríkisins og verður ekki með nokku móti frá þeim vikið.

STJÓRNARSAMSTARFIÐ HELDUR ÁFRAM

Sjálfstæðisflokkurinn leggur því á það megináherslu, að með setu ríkisstjórnarinnar án þess að hún eða einstakir ráðherrar hennar segi af sjer, starfar hún áfram sem venjuleg þingræðisstjórn með fullri ábyrgð og rjettindum.

A meðan svo er heldur stjórnarsamstarfið því bæði raunverulega og lagalega áfram, á sama hátt og verið hefur, og haggar engu um það, þótt einhver flokkurinn ætti einhverntíma síðar að hverfa úr því, enda hafði enginn gert ráð fyrir, að samstarf þetta stæði að eilífu.

Yfir hinu ræður Sjálfstæðisflokkurinn ekki, með hverjum hug aðrir flokkar ganga til samstarfsins á meðan það helst, en tekur fram, að hann mun hjer eftir sem hingað til starfa. Sjálfstæðisflokkurinn er aðフルカラードラマ「北のホリスティック」og með það eitt fyrir augum, að alþjóð verði sem mest gagn af starfi hans.

Fólk

Vörðum

74. árg., 26. árg.

33. tbl. — Þriðjudaginn 16. ágúst 1949.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN VILL SAM-KOMULAG UM ÚRLAUSN VANDAMÁLANNA

**Bendir á líklegustu leiðina til þess
Getur vel fallist á kosningar í haust, 23. október**

Tíminn segir að Framsókn hafi
rofið samstarfið, en ráðherrar
hennar ælli samt að silja áfram

HJER SKAL í fám orðum rakin afstaða Framsóknar til
stjórnarsamstarisins:

Ráðherrar Framsóknarflokksins afhentu samstarfsmönn-
um sinum í ríkisstjórninni skjal, fyrri hluta júní í sumar.
þar sem gerðar voru í 6 liðum tillögur um „úrlausn atvinnu-
fjárhags- og dýrtíðarmálanna“ og lagt til, að haldið yrði
sumarþing, til þess að koma þeim í framkvæmd.

I Tímanum í gær er frá því sagt, að það hefði verið látið
við liggja, að ríkisstjórnin segði af sjer, ef ekki yrði sam-
komulag innan stjórnarinnar, um þessar tillögur Fram-
sóknar. Óskaði Framsókn ákveðins svars við tillögum þessum,
af hálfu samstarfsflokkanna fyrir 10. ágúst.

SVÖR SAMSTARFSFLOKKANNA

A ráðuneytisfundi þ. 9. ágúst lagði Sjálfstæðisflokkurinn
og Alþýðuflokkurinn fram svör sín, við tillögum Framsóknar-
arflokksins. En svar Sjálfstæðisflokkins birtist hjer i blaðinu
í dag.

I svari þessu sýnir Sjálfstæðisflokkurinn fram á fánýti
tillagna Framsóknarflokksins, og gerir grein fyrir, hvernig
hann telur lausn vandamálanna líklegasta.

Sjálfstæðisflokkurinn sýnir fram á, að sumarþing kemur
ekki til greina, og leggur áherslu á, að óheppilegt sje, að
ríkisstjórnin segi nú af sjer, þar sem mörg aðkallandi vanda-
mál bíða nú úrlausnar, sem þingræðisstjórn þurfi að fjalla
um. En stjórnarkreppa, er hæfist nú, myndi sennilega standa
til áramóta, og verka til vandræða og upplausnar í þjóð-
fjelaginu.

Hins vegar hefur Sjálfstæðisflokkurinn talið eðlilegt að
ef Framsókn skerist úr leik, og synjar um þjóðholla sam-
vinnu, um úrlausn vandamálanna sje efnt til nýrra kosninga,
þ. 23. október næstkví.

Morgunblaðið hefur frjett, að álit Alþýðuflokksins hnigi
mjög að hinu sama, um haldleysi eða gagnsleysi tillagna
Frumsóknarflokksins. Sumarþing komi ekki til mala. Og
ekki sje tímabært, að stjórnin segi af sjer.

Forsætisráðherrann mun auk þess hafa beint þeiri áskor-
um til ráðherra Frumsóknarflokksins, að þeir sæti í stjórn-
inni fram yfir kosningar, ef þær yrðu ákveðnar, og segðu
ekki af sjer að svo stöddu.

RJÚFA STJÓRNARSAMSTARFIÐ OG SITJA ÁFRAM

Tíminn lýsir því yfir í gær, að með svörum Sjálfstæðis-
og Alþýðuflokksins liggi það raunverulega fyrir að stjórnar-
samstarfið sje rofið. Hins vegar muni Frumsóknarflokksins
geta fallist á, að ráðherrar hans sitji til bráðabirgða í
stjórninni framyfir kosningar, en þó þannig, að þeir biðjist
lausnar strax að kosningum loknum, og æski þess, að forseti
taki lausnarbeiðni þeirra tafarlaust til greina, ef ríkisstjórnin
hafi ekki beðist lausnar áður.

Eftir þessari frásögn Tímans að dæma, hefur Frumsóknar-
arflokksinn því fallið frá því að sumarþing kæmi saman,
til að koma tillögum hans í framkvæmd, fylgið frá því sér
fylgja tillögum fram þegar þær fengu ekki byr. Og fallið

**Svar Sjálfstæðisflokkins
við fánýlum tillögum Frumsóknar
lagt fram á ráðuneytisfundi 9. ág.**

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN telur það brýna nauðsyn,
að þannig verði búið að atvinnuvegum þjóðarinnar, að þeir
geti í sæmilegu árferði og með skaplegum aflabréðum,
komist af án styrkja af almannafje.

Ráðherrar Sjálfstæðisflokkins hafa í öllum umræðum
um þessi mál innan ríkisstjórnarinnar fyrr og síðar tjáð
sig reiðubúna til þeirra ráðstafana, sem til þessa eru nauð-
synlegar, ef unnt yrði að ná um þær samkomulagi, enda væri
öllum framkvæmdum svo háttáð, að almenningi yrði íbyngt
sem allra minnst og byrðum af aðgerðum skift rjettlátlega.

Þess vegna hafa ráðherrar flokksins óskað eftir, að haft
yrði náið samstarf við stjettasamtök landsmanna um hver
leið yrði valin og hvernig framkvæmdum yrði háttáð.

Um fullnægjandi aðgerðir í þessa átt hefur ekki náðst
samkomulag innan stjórnarinnar, og var þó með dýrtíðar-
lögunum 1947 gerð tilraun til lækkunar tilkostnaðar sem
a. m. k. kom í veg fyrir frekari hækkan hans um alllangt
skeið.

En þar sem þessi aðgerð nægði ekki, hefur, svo sem kunn-
ugt er, orðið ofan á að atvinnuvegunum hefur verið haldið
uppi með margi konar styrkjum úr ríkissjóði. Til þeirra
hefur auðvitað orið að afla fjár með viðtækum og þungum
sköttum.

Afleiðing þessa hefur verið sú, sem óhjákvæmileg er, að
almenningur hefur orðið fyrir síst minni kjaraskerðingu en
ef atvinnuvegunum hefði verið gert fært að starfa styrkja-
laust. Af þessari aðferð hafa hins vegar stafað margi konar
óþægindi og umsvif, þ. á. m. innflutningshöft og ýmis konar
hömlur, sem hægt hefði verið að komast hjá, ef hið sjúka
fjárhagsástand hefði verið læknað, svo að atvinnuvegirnir
gæti starfað án aðstoðar ríkissjóðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkins í ríkisstjórn hafa ætið lagt
á það höfuðáherslu að atvinnu- og fjárhagsmálunum yrði
komið í heilbrigtr horf, og hefur að frumkvæði þeirra m. a.
verið leitast við að fá málin sem best upplýst og skýrgreind.
En vitað er að frambúðaraðgerðir í þessum efnunum þurfa
alllangan aðdraganda og telur flokkurinn það liklegast til
árangurs, að ríkisstjórnin geri þegar þær ráðstafanir, sem
í hennar valdi eru, til að koma góðri skipan á í þessum
efnum, enda verður að hafa þann hátt á, ef menn vilja
stöðva vöxt dýrtíðarinnar, hvort sem þeir síðan vilja stefna
að því, að atvinnuvegirnir standi undir sjer sjálfrir eða þeim
sje haldið uppi með styrkjum. Ber þar fyrst að telja sam-
ræming á útlánastarfsemi peningastofnana landsmanna og
trygging fyrir, að fjárlög verði raunverulega greiðsluhalla-
laus, eins og fjármálaráðherra hefur lagt megináherslu á.
Að svo miklu leyti, sem því hefur ekki verið náð með fjárlögum
þessa árs, þarf undirbúning betri fjárlagaafgreiðslu
fyrir næsta ár.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þess vegna auðsætt, að ef
mögulegt á að verða að greiða fyrir lausn þessara vanda-
mála nú, verði ríkisstjórnin að undirbúa þau sem best með
aðgerðum sjálfar sín og á þann veg, að þau liggi ljóst fyrir
þegar Alþingi kemur saman, og verður þá einna veigamesti
þátturinn afgreiðslu fjárlagaafgreiðslu næsta ár. Því að heini
eru allar aðrar aðgerðir mjög háðar.

— SVAR SJÁLFSTÆÐISMANNNA

Framh. af ols. 1

Tillögur Framsóknarflokkins óljósar og þýðingarlitlar

Sjálfstæðisflokkurinn telur það ekki óeðlilegan þátt í undirbúningi þingstarfa að athugaðar sjei þær ráðstafanir, sem Framsóknarflokksins hefur gert tillögur um VI liðum. Eru þær mjög misjafnar að eðli, nauðsyn og nytsemd.

Sumar tillögurnar eru einungis almenn orðatiltæki og verður að sjálfsögðu ekki um þær dæmt fyrir en þær eru skýrðar frekar. Að svo miklu leyti, sem sjeð verður við hvað er átt, hefur þó engin tillagan veruleg áhrif á lausn fjárhags- og atvinnumálanna, og flestar þeirra mundu hafa sáralitil eða engin áhrif í þeim efnunum.

Sumar tillögur Framsóknarflokksins, eins og tillagan undir I. lið, mundi bersýnilega hafa alveg öfug áhrif. Lögfesting skömmutunarseðla og binding innflutningsleyfa við dugnað manna í smölun skömmutunarseðla mundi tvímælalaust hafa í för með sjer meira ófreli og svartamarkaðsbrask i verslun en áður hefur þekkt hjer á landi.

Sjálfstæðisflokkurinn telur, að í stað þess eigi að stefna að frjálsri verslun og koma henni á sem allra fyrst. Enda myndi frjáls verslun lagfæra flest, sem nú fer aflaga í viðskiptamálum og eyða í eitt skipti fyrir öll þeiri deili um skiftingu innflutningsins, sem undanfarið hefur sí og æ magnast og m. a. hefur eitrað eðlilegt samstarf stjórnmálflokkanna.

Um ráðstafanir þær í iðnaðinum, sem um ræðir undir II. lið, er það að segja, að þær voru þegar ákveðnar af Fjárhagsráði í sambandi við samningu síðstu innflutningsáætlunar. Ef sú tilraun gefst svo sem vonir standa til, er sjálfsgagt að halda áfram á sömu braut, enda er þær um hreint framkvæmdaratriði að ræða, sem Fjárhagsráð og ríkisstjórn hafa alveg í hendi sinni.

Sumar þær ráðstafanir, sem ræddar eru undir III. lið um húsnaðismál, IV. lið um rekstursútgjöld ríkisins, V. lið um framkvæmd skattalaga og VI. lið um verðlagseftirlit, eru framkvæmdaratriði, sem auðvelt hlýtur að vera að fá samkomulag um.

Húsnaðismálin leysast best með jafnvægi í atvinnulífinu

Um húsnaðismálin vill Sjálfstæðisflokkurinn sjerstaklega taka fram, að þótt hann sje að sjálfsögðu reiðubúinn að ihuga allar tillögur til lausnar þeim, þá eru þau auðvitað mjög háð lausn fjárhags- og atvinnumálanna í heild.

Húsnaðisskorturinn í kaupstöðum og kauptúnnum, og þá einkum Reykjavík, stafar fyrst og fremst af óeðlilegum fólksflutningum þangað. Á meðan jafnmikill fólkstraumur er til Reykjavíkur og nú er og verið hefur, er vonlitið að ráða bót á húsnaðiskortinum þar. Aukið

jafnvægi og heilbrigði í fjárhags- og atvinnulífinu er frumskilyrði þess, að fram úr þessum vanda verði ráðið. Skiftir þar einna mestu máli, að landbúnaðurinn geti blómast, svo að flóttinni úr sveitunum hætti.

Ráðstafanir í líkingu við lögum um skattfrelsi af vinnu við eigin íbúðarbyggingu, sem Sjálfstæðismenn fengu samþykkt á síðasta Alþingi, og byggingar af hálfi almannavaldsins, þar sem eigin vinna þeirra, sem húsnæðið eiga að fá, getur notið sin, eins og verður í húsum þeim, sem Reykjavíkurbær er nú að láta hefja byggingu á, eru hins vegar langliklegustu aðgerðir af hálfi ríkis og sveitarfjelaga til að koma almenningu að gagni við lausn húsnæðisvandamálsins eins og nú háttar.

Reksturskostnaður ríkisins sje minkaður

Sjálfstæðisflokkurinn hefur mikinn hug að draga úr reksturskostnaði ríkisins, eins og frv. um ráðsmann ríkisins, sem fjármálaráðherra flutti á síðasta þingi, sýndi. Því miður náðist ekki samkomulag um það frv., en sjálfsgagt er að athuga aðrar skynsamlegar tillögur, er framkunna að koma. Auðsætt er þó, að áhrifaríkasta ráðið í þessu er að draga úr afskiftum ríkisins af ýmsum framkvæmdum borgaranna, sem unnt yrði, ef fjárhags- og atvinnumálin væri komin í lag.

Sama máli gegnir um verðlagsbrot og svartamarkað. Eina fullnægjandi úrræði gegn þessu er að haga svo til, að unnt sje að hafa frjálsa verslun, en þá mundi eðlileg samkeppni tryggja almennungi bestu fáanleg verslunarkjör.

Hitt er annað mál, að meðferð allra refsimala er fyrir löngu örðin úrelt hjer á landi. Samþykkt frv. um meðferð opinberra mála, sem dómsmálaráðherra lagði fyrir síðasta Alþingi, mundi bæta úr þessu. Enda er auðvelt að draga úr kostnaði við framkvæmd þess, ef hann hefur vaxið mönnum í augum.

Önnur atriði í tillögum Framsóknarflokksins, svo sem um nýja skattaálagningu í III. lið og niðurlagsorðum tillagnanna, og um nýtt embættisbákn í VI. lið, þurfa frekari athugunar við. Enda telur Sjálfstæðisflokkurinn, að meira riði nú á að ljetta af sköttum en leggja nýja á.

Tillögur Framsóknar fái þinglega afgreiðslu

Sjálfstæðisflokkurinn getur þess vegna ekki heitið fylgi sínu við þessar tillögur Framsóknarflokksins, en telur eðlilegt, að þær, sem þess þurfa, fái venjulega þinglega meðferð, þar sem engin þeirra er þess eðlis að á miklu geti oltið, hvort þær verða afgreiddar nokkru fyrr eða síðar.

Að sjálfsögðu mundu þó frekari umræður í ríkisstjórninni skýra tillögurnar og greiða fyrir samþykkt þeirra, sem framgangs eru verðar, og eru ráðherrar Sjálfstæðisflokkins mjög fúsir til slikra viðræðna

af floksins hálfu. Enda telja þeir þá vist, að samráðherrar beirra verði jafnfúsir til ihugunar þeim skoðunum og tilögum, sem hjer að framan hefur verið hreyft.

Sumarþing væri tilgangslaust

Sjálfstæðisflokkurinn hefur begar áður tilkynnt, að hann er fús til viðræðna um hugmyndina um stjórnlagabing. Eðlilegast telur flokkurinn, að slikein umræður eigi sjer stað í stjórnarskrárfumvarpi fyrir augum, að geta skilað stjórnarskrárfumvarpi fyrir næsta reglulegt Alþingi. I þeim ráðagerðum var miðað við, að Alþingi kæmi saman á lögákeðnum tíma í október og byggt á, að það þing yrði hið síðasta á kjörtímabilinu.

Sú ráðagerð verður að sjálfsögðu óframkvæmanleg, ef nú verður kallað saman sumarþing, er verði hið síðasta á kjörtímabilinu eða ef þingprof verður í haust. Ef svo fer hlýtur endurskoðun stjórnarskrárinna óhjákvæmilega að freast frá því, er ætlað hafði verið.

Sumarþing nú mundi sennilega tefja fyrir afgreiðslu stjórnarskrármálsins, síst greiða fyrir lausn fjárhags- og atvinnumálanna og ekki að neinu leytti ríttækast af framkomnum til

lögum Framsóknarflokksins.

Frumvörp Framsóknar fengu daufar undirtektir á Alþingi

Frv. þau og tillögur, sem Framsóknarflokksins vitnar í, lágu öll fyrir síðasta þingi. — Skömmutunarseðlafrv. var útbýtt 26. október 1948 og afgreitt með rökstuddri dagskrá 17. maí 1949.

Iðnaðarmálatill. var útbýtt 17. mars 1949 og varð óútrædd.

Frv. um stóribúðarskatt var útbýtt 14. mars 1949 og varð óútrætt.

Húsaleigufrv. var útbýtt 6. desember 1948 og var fellt 5. apríl, en í brtt. við það vitnar Framsóknarflokksins í einni tillögú sinni.

Frv. um breytingu á lögum um opinbera aðstoð við húsbýggingar var útbýtt 29. nóv. 1948 og varð óútrætt.

Frv. um verðlagsdóm var útbýtt 21. mars og varð óútrætt.

Pegar á það er litið, að Alþingi var ekki slitið fyrir en 18. maí, bannig að þær tillögurnar, sem skemmti lágu fyrir Alþingi, voru þar til athugunar í h. u. b. tvö mánuði en hinum mun lengur, þ. á. m. það frv., sem Framsóknarflokksins leggur mesta áherslu á, nær 7 mánuði, er ljóst, að ástæðan til, að tillögurnar hafa ekki náð fram að ganga, hefur ekki verið sú, að Alþingi hafi ekki setið nóg lengi yfir þeim. Um ýms málanna er og greinilegt, að þeim hefur ekki verið fylgt eftir á þann hátt, sem tilkanlegt er, ef aðilun flutningssmannar er, að fá mal afgreidd.

Af framangreindum ástæðum

getur Sjálfstæðisflokkurinn ekki fallist á, að sumarþing verði kvatt saman til afgreiðslu þessara mála.

Eini árangur þess yrði sá, að þinghald yrði mestan hluta ársins, sem mundi allt í senn vera flestum þingmönnum nær óbærilegt, til þess lagað að spilla álið Alþingis hjá þjóðinni og hindra ríkisstjórnina i nauðsynlegum störfum, m. a. við undirbúning mála fyrir Alþingi svo að líkur sjei fyrir skaplegum vinnubrögðum þess.

Óverjandi að efna nú til langvarandi stjórnarkreppu

Sjálfstæðisflokkurinn telur einnig, að ekki það hafi komið fram, sem rjettlaeti, að ríkisstjórnin segi af sjer nuna á milli þinga, skömmu eftir að vantraust á hana var fellt af yfirlæsandi meirihluta Alþingis, og þegar hún þarf að hafa sig alla við um lausn aðkallandi vandamála og undirbúning næsta reglulegs þinghalds.

Flokkurinn telur augljóst að

ef ríkisstjórnin segði nú af sjer, mundi ekki koma til mála, að ný ríkisstjórn yrði mynduð fyrir en eftir kosningar, sem aldrei yrðu fyrir en um miðjan október. Ef að vanda lætur mundi og útilokað, að ný stjórn yrði sett á laggirnar fyrir en eftir langt þóf á Alþingi, sennilega í fyrsta lagi um áramót.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þjóðarhagsmunum stefnt í hreinan voða með því að efna að óþorfu til svo langvarandi stjórnarkreppu. Greinilegt er, að slík stjórnarkreppa mundi þó verða þjóðinni enn hættulegri, ef ekki rætist úr um síldveiðar á þessu sumri, því að fimm síldarleysissumur í röð hljóta að skapa svo alvarlegt ástand, að ekki mun af veita, að allir þjóðhollir menn leggi ráð sín saman til varnar þvílikum þjóðarvoða. Flokkurinn telur því ekki koma til mála, að ríkisstjórnin segi af sjer að svo stöddu.

Samkomulag nauðsynlegt um úrlausn vandamálanna — Haustkosningar

Sjálfstæðisflokkurinn lítur þvert á móti svo á, að ríkisstjórninni beri nú, að reyna að

ná samkomulagi um úrlausn vandamálanna á þeim grundvelli, sem áður er lýst og undirbúa þinghald í vetur, svo að afgreiðsla meginmála geti gengið þar greiðlega.

Ef svo skyldi fara, að Framsóknarflokksins skærist úr leik, og synjaði um þjóðholla samvinnu við úrlausn aðkallandi vandamála, viðurkennir Sjálfstæðisflokkurinn, að ný afstaða hafi skapast.

Sjálfstæðisflokkurinn telur, að erfiðleikar við nýja stjórnarmyndun og óvissa um framtíðina, sem af því leiddi, hljóta að gera Alþingi, sem hvort eð er hefur kosningar framundan á næsta sumri, óstarfhaeft eða næra því. Ef Framsóknarflokksurinn prátta fyrir allar þessar ástæður, heldur fast við fyrri yfirlýsingar sínar, telur Sjálfstæðisflokkurinn þess vegna eðlilegt að kosningar verði ákveðnar á næsta hausti og þá hinn 23. október n.k., og er að sjálfsögðu fús til samninga um fleiri en einn kjördag, eftir því sem þurfa þykir.

— Rjúfa samstarf, en ráðherrar sitja

Framh. af bls. 1.

frá því að ríkisstjórnin biðjist lausnar. En jafnframt bætir Tíminn því við, í greinargerð sinni, að í afstöðu flokkins sje ekki raunverulega um neinn mun að ræða.“

Hins vegar er nú þegar tilkynnt, að ráðherrar Framsóknarflokksins muni biðjast lausnar eftir um það bil 2½ mánuð. En þá eigi heldur ekki að standa á brottför þeirra. Því þá er ætlast til að „forseti taki lausnarbeiðni þeirra tafarlaust til greina.“

I millitið, þenna 2½ mánuð, ætla Framsóknarráðherrarnir aftur á móti, að starfa, sem venjulegir þingræðisráðherrar þó að flokkur þeirra og blað segi að stjórnarsamstarfið sje rofið.

Betta viðhorf Framsóknarflokksins mun hafa verið rætt á fundi ríkisstjórnarinnar í gær, en engin endanleg ákvörðun tekin.

Annar ráðuneytisfundur er ákveðinn í dag.

PÁTTUR FRAMSÓKNAR Í VEXTI VERÐBÓLGUNNAR Á S.L. VORI

ÞAE er gömul trú Framsóknarmanna, að þeir geti lagað frásögn af raunverulegum atburðum svo í hendi sjer, að það sjeu ekki atburðirnir sjálfir, sem ráði því, hvernig sagan verður, heldur hitt, hvað kemur Framsóknarfloknum best.

Ljelerig lærisveinar

Því skal ekki neitað, að Framsóknarmönnum hafi stundum áðuri fyrr teknist þetta vonum fram. Það var á meðan þeir náiði einstakra áróðurshæfi-lici og afbragðspenna Jónas- ar Jónssonar.

Núverandi ráðamönnum Framsóknarflokksins hefir hinsvegar farið þannig, að þeir hafa ekkert lært af því, sem telja má til kosta stofnanda flokks þeirra. Þeir hafa vandlega gleymt öllu því góða, en þeim mun betur lært hið illa af honum.

Vist er það, að viljann til afbókunar og fölsunar á staðreyndum sögunnar skortir þá ekki, þó að mjög vanti á leikni þeirra til að láta samsetninginn líta líklega út,

Ósk Alþýðusambandsins

Undanfarnar vikur hafa þeir þannig látlaut hamrað á því í bláði sínu, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi átt verulegan þátt í því að hleypa dýrtíðarskriðunni af stað af nýju með kauphækjunum á síðasta vori. — Því til sönnunar vitna þeir i. að Sjálfstæðismenn hafi ekki viljað fellast á skilyrði Alþýðusambandsins fyrir, að það beitti sjer ekki fyrir kauphækjunum að þessu sinni.

Alt er þetta eins og við mátti búast rangt með farið. Skilyrði Alþýðusambandsins fyrir, að það heitti sjer ekki fyrir uppsögn, samninga og síðan verkföllum til kauphækkana, voru ekki þau, sem Tíminn lætur í veðri vaka, heldur hitt að þegjandi og hljóðalaust yrði fallist á tiltekna kauphækjunum. Þá kauphækjun átti að miða við þann mismun á vísitölu, sem orðið hefir frá því að árangur dýrtíðarlaganna 1947 kom í ljós og nú er. En svo sem kunnugt er, hefir vísitalan hækkað um nokkur stig síðan.

Það var áreiðanlega enginn skoðanamunur milli Framsóknarmanna og Sjálfstæðismanna í ríkisstjórn og á Alþingi, um, að flokkarnir sem slíkir gæti ekki orðið við þessum óskum Alþýðusambandsins. — Lögjöf um þessi efni hafði áreiðanlega líttinn eða engan byr á Alþingi.

Ólikt eðli Framsóknar og Sjálfstæðisflokkins

Úth Sjálfstæðisflokkinn er það og svo, að þótt i honum sjeu sem betur fer bæði margin verkamenn og atvinnurekendur, Þá ræður flokkurinn ekki fyrir afstöðu þeirra í kaupgjaldsmálum. Flokkurinn telur því ekki að hið eina eðli-

Samspil kommúnista og Hermannsdeildarinnar

lega sje, að aðilar geri út um þau efni sín á milli með sem allra minstum afskiptum ríkisvaldsins.

Vera kann, að i þessu sje nokkur munur milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokkins ins. Það er vitað, að i Framsóknarfloknum eru sárafáir verkamenn. Á hinn bóginn ræður Framsóknarflokkrinn mjög miklu um aðgerðir eins af stærstu atvinnurekendum í landinu þ.e.a.s. Sambands ísl. samvinnufjelaga og einstakra deilda þess.

Það kann að vera, að af því að Framsóknarmenn vita, að þeir hafa ráða miklu um afstöðu Sambandsins í kaupgjaldsmálum, hljóti þeir að lita þannig á, að Sjálfstæðismenn hafi samskonar ráð yfir fylgismönnum sinum í atvinnurekendastjett. En eins og þegar er sagt, fer því fjarri að svo sje. Á milli atvinnurekenda stjettarinnar og Sjálfstæðisflokkins eru engin slik tengsl og á milli Framsóknar og Sambandsins.

Sjálfstæðisflokkurinn gat þess vegna engu ráðið, hvorki um þær kröfur eða óskir, sem Alþýðusambandið setti fram, nái heldur hvernig atvinnurekendur brugðust við þeim.

Kauphækjunarkröfur Alþýðusambandsins ekki tengdar dýrtíðartillögum þess

Þegar Alþýðusambandið gat ekki fengið þá hækjun á kaupgjaldi, sem það taldi nauðsynlega, með þeim hætti, er það fyrst stakk upp á, varð það að ráði að segja upp öllum eða sem flestum kaupgjaldssamningum. Þegar út í kaupdeilurnar var komið, reyndi síðan hvert fjelag að ná eins hágkvæmum samningum og það gat.

Atriði þau, sem Alþýðusambandsstjórnin á síðara stigi nefndi í viðræðum við ríkistjórnina og það taldi, að haft gæti áhrif til stöðvunar dýrtíðinni, komu þessum samningum ekkert við. Enda sagði Alþýðusambandsstjórnin sjálf, að þótt orðið væri við þessum óskum hennar, hefði það engin áhrif á nauðsyn þeirrar kaupgjaldsbreytingar, sem hún vildi beita sjer fyrir með uppsögn samninganna.

Sumar dýrtíðartillögurnar bíða Alþingis

Alt þetta er Framsóknarmönnum fullkunnugt. Söguburður þeirra nú í gagnstæða átt er þess vegna vísitandi fölsun staðreynda, sem að vísu er í fullu samræmi við venjulega starfshætti sumra ráðamanna Framsóknar.

Dýrtíðartillögur Alþýðusambandsstjórnarinnar eru mismundandi eðlis og voru engar miðaðar við það, að fallið yrði frá kaupgjaldshækkunum í unblaðið, að kjör verkamanna vor. Sumum þessum till. hefir þegar verið reynt að hrinda í framkvæmd. Aðrar eru umdeilanlegri og sumar þess eðlis, að þær þarfust löggjafar, og verða þær sjálfsgagt teknar til ihugunar á næsta Alþingi.

Kapphlaup kommúnista

Hitt er annað mál, að Alþýðusambandsstjórnin rak sig fljótt á það, sem sjá mátti fyrir, að eftir uppsögn samninga hafði hún kaupgjaldsmálin ekki nema að lithu leyti í hendisjor.

Kommúnistar í verkalýðsfjöldunum notuðu að vísu ráðleggingar Alþýðusambandsstjórnarinnar um uppsögn samninga sem skjól fyrir kröfugerðir sínar. Vitað var, að þeir mundu hafa haft þær kröfur uppi, hvað sem Alþýðusambandinu leið. Viðleitni þeirra var ekki sú, að vinna með Alþýðusambandinu, heldur hin, að gera því sem allra örðugast fyrir hvar, sem þeir gátu komið því við.

Hlutur Framsóknar

Alt er þetta Framsóknarmönnum ærið kunnugt, enda áttu forsprakkar þeirra vissulega ríkan hlut að því, að hækkanirnar urðu jafnmiklar og raun ber vitni um.

Kaupfjelag Árnesinga gekk fram fyrir skjöldu um að hækka kaup bifvjelavirkja. — Mjólkursamsalan í Reykjavík fetaði þar fljótegla í fótsporin. Olíufjelagið undir stjórn Sigurðar Jónassonar, einkavinar og braskróður Hermanns Jónassonar, gerði sitt til að atvinnurekendur töldu þýðingarl. að standa í löngu verkfalli og sömdu skjótlega við Dagsbrún.

Ekki er að efast um, að vilji til upplausnar og skemda hafi ráðið mestu um gerðir Sigurðar Jónassonar. Forstöðumenn fyrirtækja bændanna hafa aftur á móti hugsað sem svo, að þá skifti litlu mál, þótt kaupið yrði hækkað, verðið á afurðum bændanna mundi á sínum tíma verða ákveðið þeim mun hærra. Svipað hafa aðrir atvinnurekendur sjálfsgagt hugsað. Fæstir þeirra höfðu efni á að greiða hærra kaup. Ætlun þeirra var eflaust sú, að fá aukin útgjöld sín uppbætt með hækjun á verði vörur sinnar innanlands eða hækkuðum ríkisstyrkjum til útfl.vörurnar.

Aflsjölding kauphækkananna

Þetta er ekki rifjað upp hjér

um. Siðan verða verkamenn og atvinnurekendur að gera út um það með frjálsu samkomulagi, hvert kaupgjald skuli greiða. Á þennan veg einan er hægt að tryggja framtíð íslenskra atvinnuvega og þar með fram búðarvelmegun íslensku þjóðarinnar.

vegna þess, að Morgunblaðið telji, að verkamenn sjeu ekki vel komnir að sem allra bestum miðaðar við það, að fallið yrði kjörum. Þvert á móti vill Morgunblaðið, að kjör verkamanna sjeu eins góð og þau frekast mega verða. En greinilegt er, að þegar kaupgjald er orðið svo hátt, að atvinnuvegir landsmannna standa ekki lengur undir því, heldur verður að greiða þeim styrk af almannafje svo að þeir stöðvist ekki, þá er hækken kaupgjalds skammgöður vermir.

Hið hækkaða kaupgjald er þá mjög bráðlega tekið aftur af verkamönnum í hækkuðu vöru verði innanlands og hækkuðum sköttum, sem ganga til að borga hallann af útflutningsatvinnuvegunum. Hagur verkamanna og als almennings verður þess vegna síst betri en hann áður var. Aðstaða Íslendinga til að selja vörur sínar á erlendum markaði verður aðeins mun verri en nokku sinni áður.

Afstaða Framsóknar óskiljanleg

Það er skiljanlegt, að kommúnistar, sem vilja rífa niður þjóðskipulagið, vinni vísitandi að því að koma slíkri skipun á. Hitt er erfðara að skilja, að Framsóknarflokkrinn, sem þó að minsta kosti verður að teljast íslenskur flokkur, skuli taka þátt í þessum leik með kommúnistum, á þann veg, sem hann hefir gert.

Ennþá lakara er þó hitt, að með slíkan feril að baki skuli Framsóknarflokkrinn svo ásaka aðra fyrir það, sem hann sjálfur ýmist hefir tekið þátt í eða haft forystuna um.

Atvinnuvegirnir verða að starfa styrkjalaust

Afstaða Sjálfstæðismanna í þessum málum er ljós. — Þeir vilja, að allur almenningur, þ. a. m. verkamenn, hafi eins góð lífskjör og afkoma þjóðarinnar í heild frekast leyfir. — Þeir hafa fyrir löngu sýnt framá, að hinar sifeldu kauphækkanir jeta sjálfa sig upp og verða engum að gagni nema upplausnaröflunum. Kauphækkanir hafa haft þau áhrif að draga úr raunverulegu verðgildi íslenskra peninga og torvelda sölu á íslenskum afurðum. Frá bráðum voða hefir verið bjargað með því að ríkið borgaði hallann af atvinnurekstrinum. Peningana til þess hefir orðið að taka af almenningu sjálfum með sívaxandi sköttum.

Af þessari braut verður að overfa hið alþra fyrsta. Það verður að gera atvinnuvegum fært að standa á eigin fót-

Dimitrov og Brynjólfur Bjarnason

ÞJÓDVILJINN hefur undanfacið mjög dásamað hugrekki Dimitrovs sáluga, umboðsmanns Rússu í Bulgariu. Blaðið hefur í því sambandi einkum miatt á frammistöðu hans í rjettarhöldunum í Leipzig forðum, viðureign þeirra Görings og hans.

Báðir þessir herrar eru nú sennilega komnir á þann stað, þar sem þeir geta gert upp saktírnar sín á milli og metist um hvor meira illt hafi látið af sjer leiða. Í þá deilu höfum við hjer uppi á Íslandi enga ástæðu nje möguleika til að blanda okk ur.

Upp komast svik um síðir

En ástæða er til að vekja athygli á því, að hetjuskapur Dimitrovs sáluga var ekki eins mikill og menn hjeldu almennt þegar atburðir þessir gerðust. Það er sem sje fullyrt nú, að Dimitrov hafi vitað þegar hann hjeit uppi vörninni í Leipzig, að rússneska kommúnistastjórnin og býska naðistastjórnin höfðu þá þegar gert með sjer Leynisamning. Leynisamning þess efnis, að höfð skyldu skipti á Dimitrov og býskum föngum í Rússlandi.

Hafi svo verið, varpar það óneitanlega tölvert öðru ljósí á alta frammistöðu Dimitrovs en menn áður vissu um.

Svigrurmæli Brynjólfss

Enginn skyldi halda, að ekkil sýnderhetjulund væri einstakt fyrirbrigði í herbúðum kommúnista. Menn minnast þess til dæmis, að við umræðurnar um Atlantshafssandalagið á Alþingi í vetur hótaði Brynjólfur Bjarnason andstæðingum sínum því, að síðar meir skyldi farið með þá eins og „quislinga“. Nú er það vitað, að kommúnistar telja quislinga rjettadræpa, og urðu ummæli Brynjólfss í fljótu bragði ekki skilin á annan veg en þann að hann hótaði þeim, er honum væri ekki sammála dauða og pyntingum.

Sjálfsgagt hefur Brynjólfur Bjarnason talið sig sýna talsverðan kjark, þegar hann bar þessar hotanir fram. Kjarkurinn verður þó mun minni, þegar haft er í huga, hvernig búið hefur verið að kommúnistum hjer á landi.

Einar þögli og sjera Sigrús leystir úr herleiðingu

Það hefur ætið — eða lengst af — verið stefna stjórnvaldanna á Íslandi að taka vægilega á kommúnistum. Þau hafa talið, að rjett væri að láta kommúnismann ganga sjer til húðar án þess, að við hann væri beitt í strasta strangleik laganna. Þrátt fyrir allt hafa menn viljat að láta kommúnistana njóta góðs af því, að þeir væru Íslendingar, jafnvel þótt þeir hefðu sjálfir í raun og veru sagt sig úr lögum við aðra landsmenn.

Þegar Englendingar hertóku nokkrá kommúnistabroddu hjer snemma á striðsárunum, hörmundu allir Íslendingar það. Sú

Bræðralag kommúnista og quislinga

afstaða kom best fram í því, að þegar hervarnarsamningurinn var gerður við Bandaríkiamenn, á árinu 1941, var það sett sem beint skilyrði, að hinir herleiddu kommúnistaforsprakkar yrðu leystir úr ánaud. Íslensk stjórnarvöld vildu ekki bola það, að útlendir menn niddust á samlöndum þeirra, jafnvel þótt mjög afvegaleiddir væru.

Liðsafli Brynjólfss

Þessi hugsunarháttur er mjög fjarskyldur þeim, sem kom fram hjá Brynjólfri Bjarnasyni. Hann lýsti því meira að segja yfir, að hefndarráðstöfunum sinum ætlaði hann þá fyrst að koma fram, þegar hann hefði til þess styrk nokkuð margra hundruð milljóna erlendra manna úti í heimi. Það var sem sje ekki fyrri en Brynjólfur teldi sig alveg öruggan í skjóli hins útlenda kommúnistiska ofurveldis, sem hann ætlaði að hefja ógnaraðgerðir sínar hjer á landi.

Þessi framkoma minnir óneitanlega óþægilega mikið á þann hetjuskap, sem lýsti sjer í því að láta dólgslega suður í Leipzig, þegar vitað var, að búið var að semja um, að allt skyldi refsilaust, hvernig sem látið væri. Kommúnistar eru sannarlega hver öðrum líkir, hvar sem er í heiminum.

Blessun Molotovs

Brynjólfur til afbötunar má þó benda á, að ekki er alveg vist við hvaða meðferð á quislingum hann hefur átt. — Um þessar mundir hafa menn það að visu einkum í huga, hversu illa kommúnistum og quislingum hefur komið saman.

En sú var tiðin, að allir voru þeir í einu bræðrabandi kommúnistar og Quisling. Er Quisling fyrst varð „mikill maður“ í landi sínu var það með blessun rússnesku stjórnarinnar. Þegar býski sendiherrann í Moskva tilkynnti Molotov, að Þjóðverjar væru að ráðast inn í Noreg, óskaði Molotov þeim velfarnaðar í þeirri ráðagerð, svo sem kunnugt er.

Það var þess vegna síður en svo, að Rússar hefðu á móti því, að Quisling fengi völdin í Norðegi. Þeir voru einmitt innilega samþykkir þeim aðgerðum, er til þess leiddu. Á þeim árum var sannarlega ekki maðkurinn í mysunni á milli þeirra Molotovs og Quislings.

Ekki er hann fríður flokkurinn

Kommúnistar kannast einnig við samskonar menn úr eigin herbúðum.

Kuusinen var fyrirrennari Quislings á Norðurlöndum. — Dimitrov, Anna Pauker, Rakosy og hvaða þeir nú heita allir saman, eru aðeins stjettarbræður og lærisveinar Quislings.

Allt eru þetta menn svipaðs eðlis og með samskonar hlutverk, þ. e. a. s. að koma þjóðum sínun undir erlenda ánaud.

Það má því vel vera, að Brynjólfur hafi ekki meint eins illa og menn skildu hann með ummælum sínum á Alþingi. Vel má vera, að hann hafi verið að lýsa þeim, er hann kallaði landrāðamenn, sem stjettarbræðrum sínum, og mælast til þess að þeir ljeto eitt yfir alla ganga.

Orðabrengl kommúnista

Um þetta er ekki gott að segja. Kommúnistar eru svo fljótir að breyta um merkingu í hugtökum, að sjerstaka rannsókn þarf á, hvað þeir hverju sinni eiga við með þeim orðum, sem þeir nota.


En þetta er einmitt ein af skýringunum á því, af hverju aðrir láta sjer orðaskvaldur kommúnista svo mjög í ljettu rúmi liggja. Þeir vita, að í dag fordæma kommúnistar menn fyrir það, sem þeir hefja þá til skýjanna fyrir á morgun.

Fordæming þjóðarinnar bíður kommúnista

Allt er þetta Íslendingum annarlegt og mjög að vonum, því að kommúnistar fara eitir erlendum kenningu. — Þeir miða allar gerðir sínar við erlenda hagsmuni. Þessar stuðreyndir eru ætið að verða skiljanlegar fleirum og fleirum. — Pess vegna eykst einangrun kommúnista, jafnt hjer á landi sem annars staðar, með hverju degi, er líður.

Kommúnistar eru sjálfir hér mestu skaðsemðarmenn fyrir sínar eigin kennningar. Hegðun þeirra og atferli allt sannfærir menn um, að það eru villukennningar, er þeir halda fram. Því dólgslegar sem kommúnistar láta, því meiri skömm fá allir heiðarlegir menn á þeim og öllu framferði þeirra.

Pessa munu kommúnistar verða áþreifanlega varir strax og þjóðin fær tækifæri til að kveða upp dóminn yfir þeim.



Framsókn ætlar að rjúfa stjórnarsamvinnuna

ÞAÐ er kunnara en frá þurfi að segja, að Hermann Jónasson ætlar hverri þeiri ríkisstjórn, sem hann er sjálfur ekki forsætisráðherra í, skamma lifðaga. Um þetta breytir engu þó að flokkur sá, sem hann telst formaður fyrir, sje þáttakandi í ríkisstjórninni. Óværð Hermanns er alveg hin sama.

„Næsta helgi“

Allt frá því, að núverandi stjórn var mynduð, hefur Hermann hugað henni bráðan dauða. Venjulega hafa spáðomar hans um dauða-stund stjórnarinnar miðast við einhvern ákveðinn tíma að h. u. b. ársfjórðungi liðnum frá því spekiyrðin fjellu af vörum spámannsins. Um tveggja og hálfs árs bil hefur hin fyrirhugaða dánarstund stjórnarinnar þannig ætið verið á næstu grösum, að sögn hins djúpúðga sjáanda, en þó ætið skotist eitthvað á frest eftir því sem timar liðu fram.

Loksins virðist þó sem hin stóra stund sje komin. Nú er ekki lengur spáð two þrjá mánuði fram í timann, heldur sagði Timinn í síðustu vikulok að um næstu helgi myndi 'ið mikla augnablik Hermanns renna upp. Þá eiga þeir Eysteinn Jónsson og Bjarni Asgeirsson að knýja stjórnina til að segja af sjer.

Síldarleysið ræður úrslitum

Petta er engin nýjung fyrir þá, sem fylgst hafa með þróuninni innan Framsóknarflokksins síðustu mánuðina. Framsóknarbroddarnir hafa farið um landið þvert og endilangt til að undirbúa kosningar. Ætið hafa þeir þó fram að þessu haft einhvern fyrirvara. Nú sýnist svo sém allir fyrirvarar sjeu úr sögunni. Hvað því veldur er ekki gott að segja.

Alþýðublaðið, sem frá fornufari er nákunnugt í herbúðum Framsóknar, fullyrðir, að það sje vegna þess, hve illa horfi með síldveiðarnar. Framsóknarmennirnir sjeu ófúsir til að taka á sig örðugleikana, sem af aflabresti muni leiða. Þeir ætti í þess stað að gera sig stóra á fyrirsjáanlegum fjárhagsvand ræðum vegna síldarleysisins. Um þetta liggja enn ekki fyrir óyggjandi gögn, en sannarlega er ekki óliklega til getið.

Fyrirláttur Tímans

Hitt er greinilegt, að sú ástæða, sem Timinn færir fyrir því, að Framsóknarflokcurinn fari nú úr stjórn, fær ekki með neinu móti staðist. Hún er sú, að hinir stjórnarflokurnir hafi ekki viljað fallast á úrræði Framsóknarflokksins í fjárhags og dýrtidarmálunum.

Það er ekki nema að vonum að öðrum flokkum hafi reynst erfitt að fallast á úrræði Framsóknar í þessum málum, því að þau úrræði hafa aldrei verið gerð heyrum kunnug. Jafnvel nú, eftir að Timinn daglega er farinn að undirbúa kosningar, lætur hann engan heyra hver úrræði flokksins sjeu í dýrtidarmálunum. Það eitt er sagt, að til að hverfa úr ríkisstjórninni.

Helgin, sem Hermann hlakkar til

bau mál þurfi að leysa. Auðvit að bendir Tíminn ekki nú fremur en áður á neina leið til þess, nema ef Timinn og aðstandendur hans skyldu telja það vænlegasta úrræði til lausnar bessum vandasömu málum, að efla nú fjandskap og illindi i landinu.

Það er hið eina, sem flokkurinn og málöggn hans virðast nú hafa fram að færa í þjódmálunum.

Skömtunarseðlarnir og aðalfundur SÍS

En tillögurnar um skömmunarseðlana og hin atriðin, sem Timinn öðruhvoru er að burðast við að telja upp?

Skömmunarseðla tillagan er bess eðlis, að áður en Framsókn setur hana á oddinn til samstarfsslita við aðra flokka, væri henni nær að tryggja fylgi eigin flokksmanna við hana. Þetta hefur að visu verið reynt. Árangurinn var ekki betri en sá, að samvinnufrömuðir risu upp á flokksfundunum úti um land, hver á fætur öðrum, og sögðu, að þessi tillaga um skipun innflutningsmálanna væri samvinnufjelögunum sist til góðs. Sannleikurinn væri, að hún væri einber vitleysa, jafn gagnslaus samvinnufjelögunum sem öllum öðrum.

Þessi var einnig dómurinn á aðalfundi Sambands íslenskra samvinnufjelöglaga. Jafnvel bött einn aðalhofundur þessarar fjarstæðu, Skúli Guðmundsson, bæri sjálfur fram á fundinum tillögu um þessi efni, þá þorði hann ekki að minnast á skömmunarseðla frumvarpið í tillögu.

Timinn segir nú, að Hermann hafi sagt eitthvað svipað á þinginu. Vel má vera að svo hafi verið. Eftir því tóku engir, en upp úr hinu, sem Eysteinn sagði, var sýnu meira lagt, eða a. m. k. gerði Helgi Hjörvar svo, því að hann skýrði skömmu síðar svo frá í Útvarpinu skv. ummælum Eysteins, að sýnt væri, að Framsókn væri með bollaleggingar um að rjúfa stjórnarsamstarfið.

Eftir kokkabókum Framsóknarflokksins átti það ekki að nægja að hafa þing frá því um miðjan október og fram í miðjan maimánuð. Strax og þessu langa þingi lauk átti að kveðja það saman á ný til þess að fara að semja um mál, sem legið höfðu fyrir hinu langa þingi, en það ekki viljað sinna.

Petta eru vist þær „hagkvæmu vinnaðferðir,“ sem

Framsóknarmenn gera sjer

stundum tíðrætt um.

Ekkert slikt kom fram af hálfu Framsóknarflokksins.

Úrræðaleyseí Framsóknar

Pingmenn Framsóknar viður vel allan bingtimann, að skömmunarseðla frv. þeirra mundi ekki ná fram að ganga. Þeir ljetu sjer það vel lynda eins og við var að búast, því að frumvarpið var flutt til að sýnast en ekki í alvöru.

Sum hinna „bjargráðanna“ munu að visu einnig hafa verið flutt í frumvarpsformi á þinginu, en fæst þeirra vöktu svo mikla athygli, að þau hætta umræðuverð af Framsóknarflokksmónum sjálfum, hvað þá öðrum. Allir vissu, að hjer var um hjegómann einberan að ræða: Máttlausar samþykktir úrræðalauss flokks, sem ekki kunni við að halda miðstjórnarfund án þess að láta þó eitt-hvað eftir sig liggja, jafnvel bött það væri orðaskvaldrið eitt.

Framsókn vill þinghald alt árið

En loksins þegar komið var fram á síðasta eða næst síðasta dag þingsins, ljet Eysteinn Jónsson svo ummælt í útvarparsæðu, að í sumar yrði að semja um vandamálin. Annars gaf hann í skyn, að Framsóknarflokcurinn mundi ekki vilja verða í samvinnu áfram.

Timinn segir nú, að Hermann hafi sagt eitthvað svipað á þinginu. Vel má vera að svo hafi verið. Eftir því tóku engir, en upp úr hinu, sem Eysteinn sagði, var sýnu meira lagt, eða a. m. k. gerði Helgi Hjörvar svo, því að hann skýrði skömmu síðar svo frá í Útvarpinu skv. ummælum Eysteins, að sýnt væri, að Framsókn væri með bollaleggingar um að rjúfa stjórnarsamstarfið.

Eftir kokkabókum Framsóknarflokksins átti það ekki að nægja að hafa þing frá því um miðjan október og fram í miðjan maimánuð. Strax og þessu langa þingi lauk átti að kveðja það saman á ný til þess að fara að semja um mál, sem legið höfðu fyrir hinu langa þingi, en það ekki viljað sinna.

Petta eru vist þær „hagkvæmu vinnaðferðir,“ sem

Framsóknarmenn gera sjer

stundum tíðrætt um.

Framsókn blekkir engan

Allur þessi skollaleikur er býðingarlaus og fær ekki dulið þá staðreynd, að málefna áhugi ræður ekki þessum gerðum Framsóknarflokksins. Ef svo hefði verið hefði flokcurinn látið til skarar skriða á meðan þingið sat.

Það, að bitið skuli í skjaldarrendur um leið og þingið hverfur af hólmi, sýnir, að tilætlunin er ekki sú að semja, heldur að slíta samstarfinu.

Hitt er skiljanlegt, að Framsókn vilji reyna að láta þennan tilganga dýrhast. Fyrst meðan hennar vita ofurvel, að meginhluti landsfólksins vill, að nú-

honum, mundi það opna augu fylgismannana um land að fyrir allsherjar óheilbrigð flokksins og leiða til skjótrar upplausnar hans.

Horfið augnablik

Pess vegna er það, sem þeir blásu nú í herlúður sinn, til að reyna að halda hinni dreifð hjörð saman. Í alt sumar hafa þeir hikað, en nú segir Timinn, að þeir sjeu staðráðir að leggja út í striðið. Er sennilegt, að rjett sje getgáta Alþýðublaðsins um, að síldarleysið hafi haft úrslita áhrif til að sannfæra lúðurþeytarana um, að nú væri rjetta „augnablikið“ til að hefja herblásturinn.

Allt er þetta mannlega skiljanlegt. En hætt er við, að Framsóknarflokcurinn fái að reyna, að landsfólkini list ekki lengur sjerlega gæfulega á flokk þeirra. Sundrunin og óheilindin innan Framsóknar fái ekki lengur dulist. Slíkur flokkr er ekki vænlegur til forstu í málum þjóðarinnar. Þjóðin mun og fyrir floknum að liggja, að fylgismenn hans um, að „augna formaður hans flæmdist úr blik þeirra er liðið.“

Annar hluti ræðu Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra: Viðreisnarsamningurinn við Bandaríkin

Um sjálfa samningsgerðina fór svo, að Bandaríkjastjórn afhenti þáttökuríkjumum frumdrög að samningum fyrir hvert og eitt þeirra. Varð þá raunin sú, að frumdrög þessi voru í öll um verulegum atriðum eins fyrir öll ríkin. Auk þess sem hver stjórn fyrir sig athugaði frumdrögum út frá sínu sjónarmiði, varð því að samkomulagi að fulltrúar þeirra skyldu, bæði í París og Washington, hafa nána samvinnu um athugun á þessum samningsfrumdrögum.

Aðferðin við samningsgerðina.

Komu löndin sjer saman um nokkrar æskilegar breytingar og varð niðurstaðan sú, að Bretlandi, Frakklandi, Danmörku og Svíþjóð skyldi falið að hafa forystu um samningsgerðina af hálfu allra ríkjanna. Þær breytingar sem óskað var eftir af löndunum í sameiningu náðust fram að mestu leyti vegna forgöngu fulltrúa þessara fjögurra landa og þá sjálfsagt ekki síst fulltrúa bresku stjórnarinnar, að ógleymdri samningslipurð Bandaríkjastjórnar. En þessi aðferð varð hinsvegar til þess, að hvert hinna landanna um sig fjeck skemmri tíma en ella til ákvörðunar um, hvort það vildi ganga að samningunum í endanlegu formi eða ekki, en orðið hefði ef hvert land um sig hefði að öllu haft með samningsgerð fyrir sjálfs sín hönd að gera.

Þetta kom þó ekki að sök varðandi Ísland, því að það fjeck engu að síður komið fram sínum sjerstaka fyrirvara, þeim er mest á reið.

Samningsheimild stjórnarinnar ótvíræð.

Hinn skammi frestur torveld- að hinsvegar að kalla saman Alþingi til að taka afstöðu til samningsins. Þessa var þó ekki þörf af stjórnskipulegum ástæðum, þar sem það var algerlega innan valdssviðs stjórnarinnar með atbeina forseta að gera slikan samning. Og eftir að ríkisstjórnin hafði kynnt sjer vilja þeirra stuðningsmanna sinna, sem til náðist, og heyrt álit utanríkismálanefndar, hikaði hún ekki við að fallast á samninginn. Var hann undirritaður hinn 3. júlí s. 1. hjer í Reykjavík af mjer sem utanríkisráðherra, eftir að jeg hafði fengið til þess umboð forseta Íslands, og sendiherra Bandaríkjanna í umboði stjórnar hans.

Síðan var samningurinn birtur með auglýsingu dags. 5. júlí, nr. 62 um samning milli Íslands og Bandaríkjana Ameríku um efnahagssamvinnu. Háttv. þingm. geta lesið hann í hinu sama Stjórnartíðindahæfti og samninginn, sem jeg rakti hjer áður.

Samningur þessi er í tólf greinum og auk þess fylgir honum fylgiskjal með athugasemnum til skýringa og hafa þær athugasemdir sama gildi sem samningurinn sjálfur.

Í sambandi við samningsgerð

ina áttu sjer einnig stað nótu-skipti milli Íslands og Bandaríkjana Ameríku varðandi bestukkara ákvæði og eru bau einnig birt 5. júlí og eru nr. 63.

Efling einstaklingsfrelsис og sjálftæðis.

Í inngangi samningsins, er stuttlega gerð grein fyrir ástæðum samningsgerðarinnar og tilganginum með samningnum, þeim að greiða fyrir efnahags-samvinnu þáttökuríkjanna í Evrópu með aðstoð Bandaríkjastjórnarinnar til að efla og viðhalda grundvallarreglum einstaklingsfrelsis í frjálsu stjórnar-skipulagi og sönnu sjálftæði í ríkjum Evrópu.

Með I. grein samningsins, 1. tölulið, tekst ríkisstjórn Bandaríkjanna á hendur að gefa ríkisstjórn Íslands eða þeim, er hún tilnefni, kost á þeiri aðstoð sem samkomulag kann að verða um milli ríkisstjórnanna beggja. Er síðan að sjálfsögðu tekið fram, að Bandaríkjastjórn veiti þessa hjálp aðeins samkv. lögum um efnahagssamvinnu, sem i gildi eru í Bandaríkjum á hverjum tíma og því aðeins að fjarveitingar til hjálparinnar sjei fyrir-hendi.

Í 2. tölulið heitir ríkisstjórn Íslands því, að starfa að viðreisnarætluninni fyrir Evrópu eftir því sem ráðgert er í Parísa-samningum frá 16. apríl s. 1.

Í 3. tölulið er ráð fyrir gert, að sumt af þeiri aðstoð sem Íslandi verði veitt kunni að vera upprunnið utan Bandaríkjanna.

Þær vörur sem þannig eru tilkomnar en eru engu að síður greiddar með aðstoðarfje frá Bandaríkjum, lofar Ísland að kaupa með sanngjörnu verði, sanngjörnum skilyrðum og ábanni veg, að ekki verði brotið á móti samningum Bandaríkjastjórnar og hlutaðeigandi ríkisum ráðstöfun þeirra dollara, sem þannig eru til komnir.

Eðli hinna almennu skuldbindinga.

Almennar skuldbindingar eru tildar allitarlega upp í II. grein samningsins.

Um þær skuldbindingar ber að minna á það, sem jeg áður sagði, að þær eru byggðar á efnahagssamvinnulögum bandarísku og að Bandaríkjastjórn treysti sjer ekki gagnvart neinu einstöku ríki að hversa berum orðum frá þeim skilyrðum, sem löginn settu, þó að hitt væri ljóst að þau skilyrði að ekki öll við nema sum landanna, og alls ekki á hinna sama veg um öll þeirra.

Rjett er og að vekja athygli á því, að um öll skilyrðin sem talin eru í 1. tölulið II. greinar eru tekið fram, að ríkisstjórn Íslands muni gera sitt ítrasta til þess" að ná því sem þar er sagt.

Skuldbindingin er sem sagt ekki skilyrðislaus, heldur einungis á þann veg, að stjórnin muni gera sitt ítrasta um nánar tiltektina og auðvit, að er það íslenska stjórnin sem metur hvenær hún hafi

gert sitt ítrasta í þessum efnum. Um fyrirfram ákvæðar skuldbindingar til alveg tiltekinna athafna er ekki að ræða.

Hagnýting auðlinda landsins.

Með þessum fyrirvara skuldbindingur íslenska stjórnin sig í (a) undirlíð 1. tl. II. gr. til að gera þær ráðstafanir, eða halda áfram slikum ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja hagkvæma og hagsýna notkun allra auðlinda landsins. Þetta er eðlilegt ákvæði því að efnahagshjálpin er fyrst og fremst veitt til að greiða fyrir og efla fullkomna hagnýtingu auðlinda landsins.

